Áætlað er að töluvert færri njóti þjónustu stuðningsfjölskyldna á árinu 2022 en undanfarin ár og lækkar áætlun því milli ára. Er það að mestu leyti tilkomið vegna breytinga á þjónustuforminu yfir í deild 02150 *Stuðningsþjónusta – einstaklingsstuðningur*. Nýr hópur kemur inn í þjónustu stuðningsfjölskyldna sem eru börn sem eiga rétt á þjónustunni vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið samþykkti reglur um þá þjónustu á árinu 2021.

02595 Frístundaklúbburinn Úlfurinn

Úlfurinn er ný deild á fjölskyldusviði, en um er að ræða úrræði eftir skóla fyrir fötluð börn á aldrinum 10–20 ára sem ekki geta verið ein heima að skóla loknum. Úlfurinn fór af stað haustið 2021 og er því í fyrsta sinn verið að áætla heilt ár fyrir þessa deild. Tvenns konar hópur nýtur þjónustu Úlfsins. Annars vegar eru það grunnskólabörn í 5.–10. bekk en fræðslu- og frístundasvið kom til móts við þau börn síðasta vetur með því að samþætta þá þjónustu inn í almenn frístundaúrræði fyrir 1.–4. bekk. Hins vegar eru það fötluð ungmenni í framhaldsskóla, en hingað til hefur fjölskyldusvið keypt þjónustu fyrir þau af öðrum sveitarfélögum og hafa þau því þurft að ferðast milli sveitarfélaga til að sækja slíka þjónustu. Þjónustan í Úlfinum er því samþætt fyrir þessa tvo hópa og aðlöguð að hverjum og einum einstaklingi.

Opnunartími Úlfsins er alla daga kl. 13–17 en allan daginn þegar skólar eru lokaðir, þ.e. í jóla-, páska-, vetrar- og sumarfríum.

Einn einstaklingur sem er búsettur í öðru sveitarfélagi sækir Úlfinn og gerir áætlun ráð fyrir að 10 börn og ungmenni myndu nýta sér Úlfinn veturinn 2021–2022.

02710 Ýmis lögbundin framlög

Áætlun er, nú sem fyrr, í samræmi við ákvæði laga nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

02810 Ýmsir styrkir

Árlegur styrkur til félagasamtaka vegna félagsmála er óbreyttur frá fyrra ári, 800.000 kr. Einnig er áframhaldandi styrkur við FAMOS sem og til Fjölsmiðjunnar, vinnuseturs fyrir ungt fólk.

Áætlun lækkar milli ára þar sem árið 2021 var samþykktur styrkur til verkefnisins *Karlar í skúrum*, en það er ekki inni í áætlun ársins 2022 heldur var gert ráð fyrir að verkefnið yrði orðið sjálfbært á næsta ári.

61020 Félagslegar leiguíbúðir

Í fjárfestingaáætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 55 m.kr., þar sem ein eign verður seld og tvær keyptar. Lögð er áhersla á að selja eldri og óhagstæðari íbúðir, svo sem þær sem eru sérbýli eða með mikla viðhaldspörf. Nýjar eða nýlegri eignir af hagstæðri stærð eru keyptar á móti. Með því að selja eina eign á hverju ári og kaupa tvær fjölgar félagslegum leiguíbúðum í eigu bæjarins jafnt og þétt. Að auki er gert ráð fyrir að bæta á hverju ári við íbúðum sem leigðar eru af einkaaðilum og framleigðar sem félagslegar íbúðir.

Húsaleiga í félagslegum íbúðum hækkaði frá 1. október 2021, samhliða því að heimila sérstakan húsnæðisstuðning til leigjenda í félagslegum íbúðum. Tekjur af húsaleigu hækka því um 20 m.kr. sem kemur á móti hærri kostnaði.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ – 04/06

04 – Fræðsluskrifstofa

Stofnanir og verkefni á fræðsluskrifstofu færast á 24 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2022. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk en mikið samstarf er á milli stofnana á sviðinu sem og við aðrar starfseiningar Mosfellsbæjar. Innan skrifstofunnar er rekstur allra leik- og grunnskóla bæjarins, Listaskóla Mosfellsbæjar, frístundaselja og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Auk þess færast á sérstakar bókhaldsdeildir rekstur fræðsluskrifstofu, niðurgreiðslur til dagvistunar barna, ýmsir styrkir, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir *Umferðarskólann unga vegfarendur* ásamt innri húsaleigu vegna Borgarholtsskóla og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

04010 Fræðslunefnd

Nefndarfundir eru áætlaðir 12 á árinu, sem er sambærilegt við síðastliðin ár.

04020 Fræðsluskrifstofa

Fræðsluskrifstofa stýrir miðlægrri þjónustu og samstarfi við stofnanir um þætti eins og stoðþjónustu. Hér er færður kostnaður vegna námsgagnakaupa í grunnskólum, verkefnið *gjaldfrjáls grunnskóli*. Kostnaður vegna skólaþjónustu er millifærður yfir á stofnanir í samræmi við nemendafjölda í hverri stofnun. Þar er meðal annars sálfræðiþjónusta, þjónusta talmeinafræðinga, greiningar og kennsluráðgjöf. Þjónusta fræðsluskrifstofu hefur aukist í takt við fjölgun barna í bænum. Fjármagn til stefnumörkunar í upplýsinga- og tæknimálum í leik- og grunnskólum er fært á þennan lið auk ýmissa styrkja.

04101; 04102; 04103; 04104; 04105; 04160; 04180; 04201; 04203 Leikskólar Mosfellsbæjar

Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir innan Krikaskóla, Lágafellsskóla og Helgafellsskóla, þjóni börnum frá 18 mánaða til 5 ára aldurs eða þar til grunnskóli tekur við. Á Huldubergi, í Hlíð og í Leirvogstungu er ungbarnaþjónusta fyrir börn á aldrinum 12–24 mánaða.

Aukinn kostnaður vegna reksturs leikskóla felst meðal annars í fjölgun starfsmanna, því að mönnun eykst eftir því sem fleiri ung börn koma í dagvistun, sem og fjölgun á leikskólaplássum.

Aukning er í stoðþjónustu innan leikskólanna. Samhliða skerðast tekjur vegna fækkunar barna á deildum vegna aldurs, auk þess sem gert er ráð fyrir 5% lækkun leikskólagjalda.

Í júlí verður boðið upp á sumarskóla leikskólanna líkt og fyrri ár og með því fyrirkomulagi boðið upp á samfellda þjónustu innan leikskólanna allt árið. Börnum í leikskólum fækkar verulega í júlímánuði vegna sumarfría og því kjörið að veita þjónustu á einum stað í bænum. Þannig næst betri nýting á fjármagni og faglegu skipulagi leikskólastarfs.

04190/02190 Niðurgreidd leikskólagjöld

Hér er færð félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda, 02190, sem er tekjutengd. Tekjuviðmið hækka í samræmi við launavísitölu einu sinni á ári. Það er sama aðferðafræði og er við lýði í nágrennasveitarfélögum sem hafa tekjutengt afslætti. Gert er ráð fyrir aukningu á niðurgreiðslu leikskólagjalda hjá einkareknum leikskólum undir þessum lið. Einnig er hér færður kostnaður vegna systkinaafsláttar í frístundaseljum grunnskólanna sem og greiðslur vegna leikskólabarna sem njóta leikskólaþjónustu í öðrum sveitarfélögum. Niðurgreiðslur til dagforeldra hækka, því að ákvæði þjónustusamnings taka mið af launatöflum í kjarasamningum. Niðurgreiðslur til leikskóla vegna leikskólaplássa utan Mosfellsbæjar hækka en um er að ræða leikskólapláss á einkareknum leikskólum/ungbarnaleikskólum. Greiðsluhluti foreldra lækkar við lækkun leikskólagjalda um 5%, eins og lagt er til í fjárhagsáætlun. Einnig er áætlað að gjöld foreldra muni breytast vegna vistunar barna og færist frá 13 mánaða aldri í 12 mánaða aldur. Foreldrar greiða sama gjald óháð því hvort um er að ræða leikskólapláss eða vistun hjá dagforeldri.

04201; 04203; 04205; 04206; 04208 Grunnskólar

Grunnskólanemendum fjölgar á milli ára og er fjölgunin einkum í Helgafellsskóla en aðrir skólar verða með álíka nemendafjölda og á síðasta ári.

Nemendum með sértækar þarfir fer fjölgandi í grunnskólum og því verður sérstök áhersla lögð á eflingu ráðgjafþjónustu frá stoðþjónustu til foreldra og starfsmanna. Lagt er til að verja áfram fjármagni í stoðþjónustuúrræði innan grunnskólanna sem og til skólaþjónustu Mosfellsbæjar. Áfram verður haldið með uppbyggingu og þróun í upplýsinga- og tæknimálum. Lagt er til að fjármagni verði veitt í kaup/endurnýjun á tölvum/spjaldtölvum fyrir nemendur í grunnskólum og kennsluráðgjöf. Á fjárhagsárinu mun hvert barn hafa aðgang að einu tæki í grunnskólanum.

Stefnt er að því að auka sveigjanleika í skólastarfi þar sem horft er til samþættingar skóla- og frístundastarfs. Helgafellsskóli og Krikaskóli eru samþættir grunnskólar þar sem gert er ráð fyrir leik- og grkvíslaunskóla og frístunda- og tónlistarstarfi í heildstæðum skóladegi. Sumarfrístund verður áfram í Lágafellsskóla og Varmárskóla.

Fjölgun nemenda, aukin stoðþjónusta og ákvæði kjarasamninga leiða til aukins kostnaðar við rekstur skólanna.

04270 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda

Inn á þennan lið eru færð útgjöld vegna skólavistar grunnskólanemenda í öðrum skólum, utan sveitarfélagsins. Aukinn kostnaður er vegna barna sem eru í grunnskóla utan sveitarfélagsins og

þjónustu sem sótt er til Reykjavíkur vegna barna með fötlun eða aðrar sértækar þarfir. Um er að ræða greiðslur vegna skólavistunar í Klettaskóla, Arnarskóla og Brúarskóla. Einnig vegna nemenda sem eru í öðrum skólum utan Mosfellsbæjar eins og sjálfstætt starfandi skólum.

04281; 04283; 04284; 04285 Frístundasel

Nemendafjöldi í frístundaseljum hefur vaxið síðastliðið ár og eykst í takt við fjölgun barna í bænum. Sérstakur stuðningur er við börn með fötlun innan frístundaseljanna (6–9 ára). Frístund fyrir börn með fötlun frá 5.–10. bekk hefur nú færst yfir til frístundaklúbbsins Úlfsins (fjölskyldusvið) en sú frístund hóf starfsemi sína haustið 2021. Hér er um að ræða þjónustu við börn sem þurfa á heilsdagsþjónustu að halda en eru orðin of gömul til að nýta sér þjónustu frístundaselja.

04290 Flutningur nemenda

Skólaakstur var boðinn út árið 2017 og er um að ræða akstur vegna Frístundafjörs, almennan skólaakstur til og frá Varmáarskóla, greiðslu í almenningsvagna, akstur í Íþróttamiðstöðina að Varmá úr Lágafellsskóla, akstur vegna leikskóla og Krikaskóla. Hér er einnig kostnaður vegna frístundabíls sem hóf akstur haustið 2019. Vinna við útboð á skólaakstri stendur yfir.

Hér bætist einnig við skólaakstur fyrir nemendur í Klettaskóla og Arnarskóla. Að auki er um að ræða akstur frá skóla og á frístundaheimili. Þessum akstri fylgir kostnaður vegna starfsmanns sem þarf að vera í bílnum með bílstjóra og einnig felur aksturinn í sér sérúrræði fyrir nemendur sem vegna sérstakra aðstæðna ferðast einir í bifreið.

04410 Borgarholtsskóli

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í Borgarholts-skóla er eignfærður.

04420 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í framhaldsskólanum er eignfærður.

04510 Listaskóli Mosfellsbæjar

Á þennan lið er færð fjárhagsáætlun Listaskólans sem samanstendur af rekstri tónlistarskóla, og auk þess greiðslur til Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellssveitar. Kostnaður vegna nemenda í framhaldsnámi er færður alfarið á skólann en jafnframt berast greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna þessarar kennslu. Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga við ríkið um framhald greiðslna vegna tónlistarnemenda í framhaldsnámi er þannig úr garði gert að Mosfellsbær borgar með verkefninu. Hér færist einnig kostnaður vegna tónlistarnáms fatlaðra barna í Tónstofu Valgerðar. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum í Listaskólanum.

04520 Umferðarskólinn ungir vegfarendur

Samningur við umferðarráð og umferðarkennsla fimm ára barna að vori færist til kostnaðar á þessa bókhaldsdeild.

04530 Skólahljómsveit

Hér er færður allur kostnaður við rekstur Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, en hún er staðsett í Varmárskóla. Starfsemi hljómsveitarinnar fer einnig fram í Lágafellsskóla, Krikaskóla og Helgafellsskóla.

04810 Ýmsir styrkir

Hér er greitt fyrir samninga vegna þátttöku barna með íslensku sem annað tungumál í tungumálakennslu á eigin tungumáli. Hér er líka gert ráð fyrir styrk til Íþróttakademíu FMOS, vegna hestabrautar.

06 – Frístundaskrifstofa

Stofnanir og verkefni á frístundaskrifstofu færast á 18 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2021. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk en mikið samstarf er á milli stofnana á sviðinu sem og við aðrar starfseiningar Mosfellsbæjar. Innan skrifstofunnar eru meðal annars rekstur Íþrótt- og tómstundaskóla Mosfellsbæjar, Vinnuskóla Mosfellsbæjar, verkefnisins Sumarstörf með stuðningi, Félagsmiðstöðvarinnar Bóls og ungmennahússins Mosans, íþróttamiðstöðva að Varmá og Lágafelli.

Auk þess er færður á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis kostnaður, svo sem kostnaður vegna tjaldsvæðis sem og annarra íþróttamannvirkja, gervigrasvallar við Varmá og skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins, en einnig rekstur og styrkir til félaga og vegna íþrótt- og tómstundamála, auk útgjalda vegna íþrótt- og tómstundanevndar.

06010 Íþrótt- og tómstundanevnd

Gert er ráð fyrir níu fundum en það er sambærilegt við síðastliðin ár.

06020 Frístundaskrifstofa

Launa- og rekstrarkostnaður skrifstofunnar er færður hér. Þá er færður húsaleigukostnaður og hluti kostnaðar vegna frístundaverkefna eins og greiðslur vegna kostnaðar við Íþróttafjör og fjölskyldutíma að Varmá. Kostnaður vegna lýðheilsu- og forvarnastarfs er færður á skrifstofuna.

06240 Íþrótt- og tómstundaskóli

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna sumarnámskeiða í Mosfellsbæ. Hér er einnig bókfærður kostnaður vegna fatlaðra barna við Klettaskóla sem sækja frístundaheimili og sértækrar félagsmiðstöðvar á vegum Reykjavíkurborgar frá ágúst til júní eftir að skóladegi lýkur.

06270 Vinnuskóli

Vinnuskólinn gerir ráð fyrir sumarstarfsemi fyrir 13–16 ára aldurshópinn. Hér er einnig færður kostnaður vegna sumarstarfa með stuðningi fyrir ungmenni 16 ára og eldri.

06310 Félagsmiðstöðin Ból og ungmennahús

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir börn og unglunga í Lágafellsskóla og Varmárskóla er að aukast í takt við fjölgun barna og unglunga í bæjarfélaginu. Hér hefur verið gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna í Helgafellsskóla þar sem tveir síðustu árgangar á unglungastigi bætast við.

06510 Íþróttamiðstöðin að Varmá

Tekjur vegna aðgangseyris, vörusölu og fleira aukast örlítið milli ára. Millifærslur hækka, því að notkun skóla, íþróttafélaga og félags eldri borgara á íþróttasölum hefur aukist. Hér kemur fram viðhalds- og þjónustukostnaður.

06580 Íþróttamiðstöðin að Lágafelli

Lágafellslaug er sem fyrr ein vinsælasta sundlaug landsins. Gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna aukinnar aðsóknar í laugina og gesta í líkamsrækt World Class. Hér kemur fram viðhalds- og þjónustukostnaður.

06610 Íþróttavöllurinn á Tungubökkum

Mosfellsbær rekur íþróttaaðstöðuna á Tungubökkum. Hér eru millifærð leigugjöld vegna vallanna og búningaáðstöðu og rekstrargjöld vegna viðhalds vallarins. Vellirnir hafa verið lagfærðir töluvert síðustu ár.

06620 Gervigrasvöllurinn að Varmá

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna gervigrasvallarins að Varmá, rafmagni, hita og viðhaldi/rekstri. Þá hafa tekjur vegna vallarins einnig verið færðar hér. Aukið fjármagn þarf til viðhalds lóðar þar sem krafist er árlegrar úttektar samkvæmt FIFA-staðli á vellinum og leigu á gámum fyrir meðal annars fjölmiðla.

06810; 06820; 06840; 06860; 06870 Íþrótt- og tómsfundafélög

Skrifað var undir nýja samninga við félögin árið 2018 og hafa framlög til þeirra hækkað. Samningarnir eru flestir til 4–5 ára og eru framlögin vísitölutryggð. Samningarnir eru skýrir og gegnsærir og með þeim er félögunum tryggt fé til reksturs. Fjármagnið er eyrnamerkt ákveðnum starfspáttum innan félaganna, auk þess sem félög sem eru í eigin húsnæði fá sérstakt framlag til reksturs þess.

06850 Stjórn skíðasvæða

Kostnaður vegna uppbyggingar Bláfjalla og Skálafells er í samræmi við samninga og samkomulag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og rekstur svæðanna hverju sinni. Nýr samningur var undirritaður árið 2018. Þar er stefnt á töluverða uppbyggingu á skíðasvæðunum á næstu árum og hækkar liðurinn í takt við þá samninga.

06890 Ýmsir styrkir

Kostnaður vegna frístundaávísana fyrir börn, ungmenni og eldri borgara er færður hér. Hér er einnig færður til bókar kostnaður vegna annarra félaga sem ekki hafa sérdeildir innan fjárhagsáætlunar en gert hafa samstarfssamning við Mosfellsbæ. Þetta á meðal annars við um skíðadeild KR og Mótomos.

UMHVERFISSVIÐ – 08-11/31/33/43/47/63

Skýringar við einstaka liði málaflokka sem heyra undir umhverfissvið eru sem hér segir:

08210 Sorphirða

Gert er ráð fyrir því að sorphirðugjald hækki um 4% samhliða auknum kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og rekstur endurvinnslustöðva. Á vettvangi SSH stendur yfir vinna við samræmingu úrgangsmála, gerð nýrrar svæðisáætlunar og tillögugerð vegna ítarlegri flokkunar úrgangs sem til fellur hjá íbúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

08230 Sorpeyðing

Undir þessum lið eru færðar greiðslur til byggðasamlagsins SORPU í samræmi við gildandi eigendasamkomulag. Kostnaður skiptist í þrjá meginliði; rekstur endurvinnslustöðva, rekstur grenndargámastöðva og móttöku á almennu heimilissorpi í Álfsnesi og rekstrarkostnað vegna þess. Hækkun liðarins umfram verðlagsþróun er að meginhluta vegna breytinga á fyrirkomulagi sorpeyðingar með tilkomu GAJU og meiri kostnaðar við endurvinnslu- og grenndarstöðvar auk nýframkvæmda á vegum SORPU og lántaka þeim tengdum.

09010 Skipulagsnefnd

Framundan er umfangsmikil vinna við stefnumótun í uppbyggingarmálum sveitarfélagsins í tengslum við endurskoðun aðalskipulags. Fjöldi funda árið 2022 er því áætlaður 26 alls, eða fjórum færri en árið 2021.

09020 Skrifstofa umhverfissviðs

Á skrifstofu umhverfissviðs fer fram meginþungi vinnu í uppbyggingaráætlunum sveitarfélagsins, bæði á sviði skipulagsmála og framkvæmda. Umfang rekstrarins er að mestu leyti svipað og verið hefur síðastliðin ár. Lögð hefur verið áhersla á þróun rafrænna gagnasafna og rafræns aðgangs viðskiptavina.

09110 Mæling, skráning og kortagerð

Mikil vinna hefur verið lögð í það undanfarin ár að uppfæra þau gögn sem eru í kortavefsjá Mosfellsbæjar, en vefsjáin nýttist íbúum og verktökum og öðrum viðskiptavinum mjög vel til þess að skoða áætlanir, framkvæmdir og teikningar.

09220 Aðalskipulag

Mikið verður umleikis í gerð aðalskipulags árið 2022 og er gert ráð fyrir að ráðgjafakostnaður verði umfangsmikill á árinu vegna þess. Teymi arkitekta- og verkfræðiráðgjafa vinnur nú hörðum höndum við endurskoðun aðalskipulags, að nýju umhverfismati, umferðarspá og minjaskráningu sem tengist endurskoðun aðalskipulagsins. Greiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélagsins hafa einnig verið hlutfallslega háar undanfarin ár vegna fjölda bygginga sem lokið hefur verið við á síðustu tveimur til þremur árum og því er gert ráð fyrir deildin skili afgangi.

09230 Deiliskipulag

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna aðkeyprar þjónustu við deiliskipulagsgerð verði áþekk milli ára, en gert er ráð fyrir að smærri deiliskipulög verði í einhverjum mæli unnin innan sviðsins. Verið er að leggja aukna áherslu á samþættingu nýrra deiliskipulaga við umhverfisstefnu og heimsmarkmiðin. Ný deiliskipulög á stærri svæðum gera í auknum mæli ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum og jafnvel umhverfissvottun, sem er jákvæð þróun.

09240 Svæðisskipulag

Hlutdeild Mosfellsbæjar í kostnaði við rekstur svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið hefur aðeins aukist milli ára en fyrir utan laun svæðisskipulagsstjóra er einnig gert ráð fyrir þátttöku sveitarfélaganna í skipulagstengdum verkefnum.

09520 Byggingareftirlit

Hér undir færast tekjur af byggingarleyfisgjöldum og útgjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa. Rafrænar byggingarúttektir hafa verið innleiddar og eru úttektir nú unnar beint á spjaldtölvur á byggingarstað. Búið er að taka í notkun One Land sem tryggir rafræna yfirferð gagna og gerir aðgengi skilvirkara, auk þess að auðvelda tengingu við nýja gagnagátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Hins vegar hafa verktakar og byggingaraðilar margir hverjir verið óánægðir með hversu ógagnsætt hið nýja rafræna kerfi HMS er. Æskilegt er að HMS taki þessa gagnrýni til greina, kynni kerfið betur og lagfæri galla í samræmi við ábendingar. Eftirlit byggingarfulltrúa er nú minna en áður var eftir að ákvæði mannvirkjalaga um aukna ábyrgð byggingarstjóra er farin að virkjast í meira mæli.

10030 Sameiginlegur kostnaður

Verktakakostnaður hækkar mjög hóflega milli ára. Stefnt er að því að þjónustustig milli ára við heflun malarvega í sveitarfélaginu, holufyllingar og viðgerðir verði svipað og á síðasta ári, en þjónustustig hefur verið bætt nokkuð á undanförunum árum. Vegagerðin hefur hug á að færa skilavegi yfir á rekstur sveitarfélaganna árið 2022, svo sem þann hluta Hafravatnsvegar sem er innan þéttbýlis Mosfellsbæjar. Aukin áhersla er lögð á sópun í íbúðahverfum, auk þess sem áhersla er lögð á sópun gatna- og stígakerfis snemma að vori í þeim tilgangi að minnka svifryksmengun í þéttbýli.

10310 Götulýsing

Gert er ráð fyrir að kostnaður við götulýsingu lækki lítillega frá fyrra ári. Breytingar yfir í LED-lýsingu bæta gæði lýsingar og gera hana ódýrari. Breytingar á milli ára stafa fyrst og fremst af auknu umfangi í rekstri lýsingar og mastra sem tengjast rekstri öryggismyndavéla í bæjarfélaginu.

10510 Gangbrautir og umferðarmerki

Gangbrautir og umferðarmerki eru liður sem hækkar lítillega milli ára. Umferðarskiltum þarf að viðhalda og hafa í góðu ásigkomulagi enda um öryggismál að ræða. Það sama gildir um gatnamerkingar og aðrar leiðbeiningar til vegfarenda.

10610 Snjómokstur og hálkueyðing

Gert er ráð fyrir að kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu verði aðeins lægri en síðasta ár og að áfram verði veitt eins góð þjónusta og unnt er miðað við tiltækan tækjabúnað og mannafla á hverjum tíma. Eðli málsins samkvæmt er kostnaður við þennan lið háður tíðarfari og því oft mjög breytilegur á milli ára.

10710 Strætó

Áætlun fyrir árið 2022 vegna hlutdeildar Mosfellsbæjar í akstri Strætó bs. á skilgreindum leiðakerfum höfuðborgarsvæðisins er í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlunar af hálfu stjórnar Strætó bs. Kostnaður endurspeglar hlutdeild Mosfellsbæjar í byggðasamlaginu Strætó samkvæmt gildandi samningi um kostnaðarskiptingu, en hlutdeild er í samræmi við hlutfallslegan íbúafjölda, ekna kílómetra og hlutdeild í stofnleiðum samkvæmt samkomulagi.

10720 Biðskýli

Unnið er áfram að átaki í endurnýjun og viðhaldi eldri biðskýla í Mosfellsbæ, en gerður hefur verið samstarfssamningur við Dengsa ehf. um ný skýli á fjölmennustu biðstöðvum sveitarfélagsins.

Í skýlunum eru heimilaðar auglýsingar gegn því að fyrirtækið sjái alfarið um rekstur skýla og stoppistöðva. Þá er gert ráð fyrir að á næsta ári komi rauntímaupplýsingar á skjái í nýjum skýlum, en unnið hefur verið að forritun og viðmóti skjáupplýsinga að undanfögnu. Kerfið sem var valið er það sama og önnur stærri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að taka í notkun, en það er gert til þess að tryggja samþættingu og sama útlit fyrir íbúa sem nota kerfið óháð staðsetningu.

Viðhald biðskýla felst að mestu leyti í að skýlin eru máluð þegar þörf krefur og skipt um gler, staura, bekki og annað eftir þörfum.

11010 Umhverfisnefnd

Gert er ráð fyrir 10 fundum í umhverfisnefnd árið 2022 eða einum færri en árið 2021. Verkefni sem tilheyra þessum málaflokki hafa aukist á síðustu árum og eru jafnframt bæði þyngri og fyrirferðarmeiri. Það er almennt í takt við breyttar áherslur í þjóðfélaginu og breytingar á lagaumhverfi. Umhverfisnefnd hefur á sinni könnu stefnumótun á sviði umhverfismála, þ.m.t. gróðri opinna svæða og skógrækt. Nefndin mun vinna áfram að friðlýsingu svæða, meðal annars samstarfsverkefni með Reykjavík er lýtur að friðun Leiruvogs sem og stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir þegar friðlýst svæði.

11020 Umhverfisdeild

Á umhverfisdeild er færður starfsmannakostnaður umhverfisdeildar og garðyrkjustjóra, auk kostnaðar við rekstrarliði sem tengjast málaflokknum. Á árinu 2022 er stefnt að útfærslu á framkvæmdaþætti nýrrar umhverfisstefnu sem tengist heimsmarkmiðunum. Í skoðun er ný umhirðuáætlun í tengslum við nýtt grænt skipulag sem verður hluti nýs aðalskipulags. Vænting er um að fleiri svæði verði sjálfbærari í umhirdu. Á árinu 2022 verður ennfremur lögð áhersla á að greiða götu frekari vistvænna samgöngumáta innan sveitarfélagsins.

11310 Garðyrkjudeild

Undir garðyrkjudeild er færður kostnaður við laun verkefnastjóra garðyrkju og sumarstarfsmanna garðyrkjudeildar sem eru 24 talsins. Gert er ráð fyrir sumarstarfsmönnum frá maí og út ágústmánuð. Opnum svæðum sem hirt eru í bæjarfélaginu fer fjölgandi sem og fjölda leiksvæða sem þarf að hirða. Samvinna og samstarf við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur aukist síðastliðin ár og er áfram stefnt að því að treysta þau bönd.

11410 Opin svæði

Með stækkun bæjarins fjölga þeim svæðum sem þarf að slá og hirða. Þannig bætast við ný svæði, bæði í Leirvogstungu og Helgafellshverfi. Af þeim sökum meðal annars eykst verktakakostnaður vegna grassláttar og umhirðu á milli ára. Umhirðustig er að öðru leyti svipað og verið hefur undanfarin ár. Hugað verður áfram að því að hefta útbreiðslu ágengra plantna árið 2022. Gert er ráð fyrir að grassláttur verði boðinn út að nýju 2021/2022 fyrir næstu þrjú ár.

11430 Leikvellir

Stefnt er að svipuðu umhirðustigi leikvalla og verið hefur síðastliðin ár. Farið verður í endurnýjun leiktækja á eldri leiksvæðum þar sem þörfin er mest. Að jafnaði hafa tvö leiksvæði verið endurbætt umtalsvert árlega en önnur svæði, sem eru nú orðin 40 talsins, hafa fengið yfirhalingu og ný og fjölbreyttari leiktæki sett upp. Leikvöllum í sveitarfélaginu fjölgaði um tvo í Helgafellshverfi árið 2021 og fjölga aftur um tvo í Helgafellshverfi árið 2022.

11440 Garðlönd

Garðlönd til úthlutunar fyrir íbúa eru staðsett á Varmárhól en einnig hafa verið garðar til úthlutunar í Skammadal. Þó að aðsókn hafi dalað á undanförunum árum hefur þótt mikilvægt að halda þessum möguleika opnum fyrir bæjarbúa sem sjálfir vilja rækta sitt eigið grænmeti.

31100 Skrifstofa Eignasjóðs

Rekstur Eignasjóðs verður með svipuðu sniði og verið hefur á undanförunum árum. Undir skrifstofuna er færður kostnaður við MainManager, sem heldur utan um fasteignir sveitarfélagsins, auk útgáfu verkbeiðna, og er tengt bókhaldskerfi Mosfellsbæjar, Navision.

Markvisst hefur verið unnið að því að efla eignasjóðsteymi undanfarin ár, en teymið gegnir mikilvægu hlutverki við að halda utan um þær umfangsmiklu framkvæmdir sem áætlaðar eru árin 2022–2025.

33210 Þjónustustöð

Í þjónustustöð eru unnin margvísleg verkefni fyrir stofnanir bæjarins, íbúa og aðra viðskiptavini. Innleiðing á MainManager og rafrænum verkbeiðnum hefur gengið ágætlega á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Völuteig til að bæta aðstöðu í þjónustustöð á árinu 2022, aðstaða fyrir starfsmenn verður bætt og tækjabúnaður uppfærður í skrefum.

43210 Almennur rekstur vatnsveitu

Mikil aukning í lagningu heimæða vegna stækkunar bæjarfélagsins og viðgerðum á núverandi kerfi gerir það að verkum að rekstur vatnsveitu eykst að umfangi. Unnið verður áfram að þróun kerfisins og átaksverkefnum í samræmi við gildandi þróunaráætlun, en ný uppfærð áætlun er í undirbúningi árið 2022. Talsvert hefur einnig verið um stærri verkefni, svo sem lagningu nýrra stofnæða í takt við stækkun bæjarins ásamt undirbúningi að rekstri nýs vatnstanks í hlíðum Úlfarsfells. Á árinu 2022 er þannig gert ráð fyrir nýrri stofnlögn frá dæluhúsi við Skarhólabraut upp að nýjum vatnstanki til þess að hann komist í fullan rekstur.

43220 Keypt kalt vatn

Gert er ráð fyrir minni kaupum á köldu vatni milli ára. Gert er ráð fyrir að Laxnesdý nýtist betur til vatnstöku eftir endurnýjun lagna í Mosfellsdal og á sama tíma er verið að skoða möguleika á nýju vatnsbóli í Hádegisholti.

47210 Almennur rekstur hitaveitu

Kaup á heitu vatni hefur minnkað hlutfallslega milli ára þrátt fyrir stækkun bæjarfélagsins. Er það að mestu leyti árangur sem náðst hefur vegna átaks í viðgerðum á stofnlagnakerfi bæjarins. Gert er ráð fyrir hækkun rekstrarkostnaðar milli ára og að almennt hitaveitugjald hækki í takt við verðlag.

651290 Holræsi og niðurföll

Umfang fráveitukerfis eykst milli ára í samræmi við stækkun bæjarfélagsins. Í samræmi við samþykka fráveituáætlun Mosfellsbæjar er unnið að umfangsmiklum framkvæmdum árin 2021–2023. Mikilvægt er að styrkja fráveituna sem og að bæta í það teymi sem sinnir fráveitumálum, en samkvæmt reglugerð mega ekki sömu aðilar sinna fráveitu og aðveitum.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR – 05/07/21

Á eftirtalda liði er færður kostnaður vegna málaflokka sem eru á forræði forstöðumanna í þjónustu- og samskiptadeild, mannauðsdeild og fjármáladeild. Málaflokkarnir spanna breitt svið eins og menningartengd verkefni, kynningarmál og almennan skrifstofurekstur, mannauðs- og launamál auk allrar umsýslu fjármála bæjarins. Stofnanirnar sem tilheyra deildunum eru: Bæjarskrifstofur, Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar.

Færður er á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis menningarkostnaður, kostnaður við árlega menningarviðburði, kostnaður vegna fornleifaverkefnis, framlög til Lista- og menningarsjóðs, vinabæjatengsla, bæjarhátíðarinnar „Í túninu heima“ og þróunar- og ferðamála almennt. Á sviðið er einnig færður kostnaður vegna reksturs Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar.

05010 Menningar- og nýsköpunarnefnd

Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda nefndarfunda milli ára hjá menningar- og nýsköpunarnefnd. Verkefni Mosfellsbæjar í tengslum við menningar- og nýsköpunarmál verða með svipuðum hætti og síðustu ár. Hlutverk nefndarinnar nær nú til allra atvinnugreina en ekki eingöngu ferðamála eins og áður.

Á meðal verkefna nefndarinnar er yfirumsjón með *Heilsueflandi samfélagi* sem er verkstýrt af Heilsuvin ehf. Kostnaður vegna þess samstarfs er bókfærður á nefndina sjálfa.

05030 Laxnessetur

Áætlun miðast við raunkostnað fyrri ára.

05110 Bókasafn

Rekstur bókasafns verður með óbreyttu sniði milli ára. Bókasafnið og Listasalur Mosfellsbæjar verða áfram í fararbroddi menningarmála innan sveitarfélagsins, enda mikilvægur samkomustaður bæjarbúa í félagslegu, menningarlegu og listrænu tilliti. Lögð verður áhersla á fjölbreytt framboð af viðburðum fyrir yngri og eldri íbúa. Útlán bókasafns eru án endurgjalds og skírteini gjaldfrjáls fyrir Mosfellinga. Skírteini hafa staðið Mosfellingum til boða án endurgjalds frá árinu 2017.

05310 Héraðsskjalasafn

Rekstur héraðsskjalasafns verður að mestu með óbreyttu sniði milli ára og liggur kostnaður þess í húsaleigu og launakostnaði. Safnið hefur eflst á síðustu árum og afhendingar skjala, fyrirspurnir og almenn þjónusta við íbúa og fræðimenn hefur aukist jafnt og þétt.

05520 Listasalur

Hér er bókfærður kostnaður við Listasal Mosfellsbæjar, þ.e. innkaup og þjónusta. Starfsmenn salarins eru starfsmenn bókasafns og hefur forstöðumaður bókasafns og menningarmála yfirumsjón með rekstri Listasalarins.

05720...90 Hátíðahöld

Hér undir flokkast þjóðhátíð 17. júní, tendrun ljósa á jólatré á Miðbæjartorgi, áramót, þrettándinn, Í túninu heima og ýmis hátíðahöld. Stefnt er að því að kostnaður og umfang bæjarhátíðarinnar Í túninu heima verði með svipuðu sniði og áður. Ekki er lengur gert ráð fyrir frekari samkomutakmörkunum vegna kórónuveirufaraldursins þannig að viðburðahald verði sambærilegt því sem var fyrir faraldurinn.

Gert er ráð fyrir hækkun framlaga í Lista- og menningarsjóð. Bæjarhátíðin Í túninu heima er stærsti viðburður ársins og innan hátíðarinnar eru fjölmargir viðburðir sem mynda saman skemmtilega heild. Tindahlaupið er einn af þeim en það er samstarfsverkefni Mosfellsbæjar, Björgunarveitarinnar Kyndils og blakdeildar Aftureldingar.

05880 Aðrir styrkir

Hér eru bókfærðir almennir styrkir til félaga vegna húsaleigu og framlög bæjarsjóðs í Lista- og menningarsjóð, en menningarmálanefnd ber að gera starfsáætlun fyrir sjóðinn fyrir lok janúar ár hvert. Húsaleiga er nú einnig færð til bókar sem styrkur fyrir afnot lista- og menningarfélaga af húseignum bæjarfélagsins.

21710 Vinabæjatengsl

Gert er ráð fyrir um 3,2 m.kr. framlagi til vinabæjatengsla fyrir árið 2022 sem er svipað og árið á undan. Vinnufundur ritara vinabæjasamstarfsins verður haldinn vorið 2022 og vinabæjaráðstefna er áformuð í Skien í september.

Gert er ráð fyrir því að fimm fulltrúar Mosfellsbæjar sækji ráðstefnuna. Samhliða ráðstefnunni eru að vanda ungmennabúðir þar sem fjögur ungmenni frá Íslandi taka þátt ásamt einum hópstjóra. Einnig verður menningarverkefnið NART þar sem tveir listamenn frá hverju landi taka þátt.

07210 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins SHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs slökkviliðsins samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn SHS og vísast til áætlunarinnar sjálfar til útskýringar á einstökum liðum hennar.

07410 Almannaþingir höfuðborgarsvæðisins AHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs almannaþinganna samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn AHS og vísast til áætlunarinnar sjálfar til útskýringar á einstökum liðum hennar.

03 Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlitsvæði Mosfellsbæjar flyst um næstu áramót frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í samræmi við reglugerð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nr. 1110/2021. Hér bókast tekjur af heilbrigðiseftirlitsgjaldi og kostnaðarþátttaka Mosfellsbæjar í rekstri heilbrigðiseftirlitsins.

21410..82 Sameiginlegur kostnaður

Hér bókast allur hefðbundinn yfirstjórnarkostnaður sem er kostnaður við bæjarstjórn og bæjarráð og almennur skrifstofukostnaður. Kostnaðarlutdeild B-hluta stofnana bæjarins í sameiginlegum kostnaði bæjarins hefur verið tekjufærð hjá málaflokknum og að sama skapi gjaldfærð hjá viðkomandi stofnunum til samræmis við venju.

21410 Þjónustu- og samskiptadeild

Undir þessum lið er bókaður launakostnaður vegna starfsmanna í þjónustu- og samskiptadeild auk bæjarstjóra. Í þjónustu- og samskiptadeild starfa 13 starfsmenn í rúmlega 12 stöðugildum. Þar teljast þjónustufulltrúar, verkefnastjóri þjónustu- og samskiptadeildar, verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu, lögmaður Mosfellsbæjar og forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar. Rekstur bæjarskrifstofu, þ.m.t. öryggisgæsla, þjónustuver, húsaleiga og rekstrarvörur, er bókaður á þennan lið. Gert er ráð fyrir sambærilegum útgjöldum á milli ára.

21410 Lýðræðis- og mannréttindanefnd

Undir þessum lið er bókaður kostnaður vegna nefndarfunda og verkefna á sviði jafnréttismála.

21420 Fjármáladeild

Fjármáladeild sér um umsýslu fjármála bæjarins. Í deildinni starfa fjórir starfsmenn auk fjármálastjóra. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga og innheimtu fasteignagjalda auk

annarra gjalda. Þá hefur deildin með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð, gerð viðauka við fjárhagsáætlun og hefur umsjón með fjárstýringu bæjarins. Deildin annast samskipti við fjármálastofnanir, verðbréfafyrirtæki og endurskoðendur. Loks ber fjármáladeild ábyrgð á og hefur umsjón með árshlutauppgjörum og gerð ársreiknings. Rekstrarkostnaður fjármáladeildar samanstendur að mestu af launakostnaði, innheimtukostnaði vegna útsvars sem rennur til ríkisins og árgjaldi til Þjóðskrár Íslands vegna fasteignaskrár.

21430 Mannauðsdeild

Mannauðsdeild veitir öllum sviðum, deildum og stofnunum bæjarins ráðgjöf á sviði launasetningar, samningagerðar og almennrar ráðgjafar í starfsmannamálum. Að auki veitir deildin stuðning til stofnana eftir þörfum hverju sinni. Mannauðsdeild sinnir einnig launavinnslu og vinnur ferla í gæðakerfi Mosfellsbæjar. Þá vinnur mannauðsdeild að jafnréttismálum undir forystu lýðræðis- og mannréttindanefndar. Í deildinni starfa fimm starfsmenn auk mannauðsstjóra sem veitir deildinni forstöðu. Rekstur og kostnaður vegna eldhúss tilheyrir mannauðsdeild.grein

21450 Upplýsingatækni

Hér er bókaður kostnaður vegna leigu og þjónustu miðlægra hugbúnaðarkerfa. Hér er um að ræða Microsoft Dynamics NAV fjárhagskerfið, Tímon, vefumsjónarkerfi, OneSystems-skjalavistunarkerfi og H-laun svo nokkuð sé nefnt. Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði á milli ára með tilliti til gildandi samninga.

TALNAHLUTI FJÁRHAGSÁÆTLUNAR MOSFELLSBÆJAR 2022–2025

| | Blaðsíða |
|---|----------|
| Samantekið - A og B hluti | |
| Rekstrarreikningur..... | 1 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 2 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 3 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 4 |
| Lykiltölur..... | 5 |
| Sveitasjóður - A hluti | |
| Rekstrarreikningur..... | 6 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 7 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 9 |
| Lykiltölur..... | 10 |
| Aðalsjóður. A-hluta stofnun | |
| Rekstrarreikningur..... | 11 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 12 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 13 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 14 |
| Eignssjóður. A-hluta stofnun | |
| Rekstrarreikningur..... | 15 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 16 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 17 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 18 |
| Þjónustustöð. A-hluta stofnun | |
| Rekstrarreikningur..... | 19 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 20 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 21 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 22 |
| Hitaveita. B-hluta fyrirtæki | |
| Rekstrarreikningur..... | 23 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 24 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 25 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 26 |
| Vatnsveita. B-hluta fyrirtæki | |
| Rekstrarreikningur..... | 27 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 28 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 29 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 30 |
| Fráveita. B-hluta fyrirtæki | |
| Rekstrarreikningur..... | 31 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 32 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 33 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 34 |
| Félagslegar íbúðir. B-hluta fyrirtæki | |
| Rekstrarreikningur..... | 35 |

| | |
|---|-----------|
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 36 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 37 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 38 |
| Hjúkrunarheimili. B-hluta fyrirtæki | |
| Rekstrarreikningur..... | 39 |
| Efnahagsreikningur - Eignir..... | 40 |
| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir..... | 41 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 42 |
| Málaflokkayfirlit 2022-2025..... | 43 |
| Rekstraryfirlit 2022-2025..... | 47 |
| Efnahagsyfirlit 2022-2025..... | 51 |
| Sjóðstreymi 2022-2025..... | 59 |
| Fjárfestingar 2022-2025..... | 63 |
| Spá um fjölda íbúa..... | 64 |
| Yfirlit málaflokka..... | 65 |
| Yfirlit fjárhagsdeilda..... | 66 |

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| Greinargerðir með fjárhagsáætlun..... | 3 |
| Greinargerð bæjarstjóra..... | 4 |
| Greinargerðir framkvæmdastjóra sviða | 9 |
| Fjölskyldusvið | 9 |
| Fræðslu- og frístundasvið..... | 10 |
| Umhverfissvið..... | 16 |
| Þjónustu- og samskiptadeild, mannauðsdeild og fjármáladeild | 17 |
| Nánari umfjöllun um einstakar deildir | 19 |
| Fjölskyldusvið – 02..... | 19 |
| Fræðslu- og frístundasvið – 04/06..... | 24 |
| Umhverfissvið – 08-11/31/33/43/47/63..... | 29 |
| Sameiginlegur kostnaður – 05/07/21..... | 33 |
| Talnahluti fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar 2022–2025 | 37 |

GREINARGERÐIR MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2022 samanstendur annars vegar af greinargerðum bæjarstjóra og framkvæmdastjóra sviða og hins vegar af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna reksturs A-hluta bæjarsjóðs auk samantektar á A- og B-hluta.

Greinargerðunum er ætlað að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni. A-hluti samanstendur af aðalsjóði, Eignasjóði og þjónustustöð. Í B-hluta eru fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar í eigu bæjarfélagsins sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.


Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2022 sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir bæjarsjóð og stofnanir hans.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 verður 203 m.kr. afgangur af rekstri Mosfellsbæjar. Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 1.476 m.kr. eða 9,6% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka og verði skuldaviðmiðið 100,2% af tekjum í árslok sem er umtalsvert undir mörkum sveitarstjórnarlaga.

Meginhluti skatttekna eru í formi útsvars af launatekjum og eru þær 69% af heildartekjum sveitarfélagsins sem er álíka hlutfall og á síðasta ári.

Álagningarhlutfall útsvars er 14,48% sem er undir leyfilegu hámarki samkvæmt gildandi lögum.

Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur muni hækka í takt við almennar launahækkningar og 3,5% fjölgun íbúa milli ára. Því er gert ráð fyrir að tekjur af útsvari nemi um 8.763 m.kr. á árinu, sem er 8% hækkun frá útkomuspá 2021.



| Skatttekjur (í m.kr.) | Áætlun 2022 | Útkomuspá 2021 | Áætlun 2021 | Breyting milli ára |
|-------------------------------|---------------|----------------|---------------|--------------------|
| Útsvar | 8.763 | 8.120 | 7.663 | 1.100 |
| Fasteignaskattur og lóðaleiga | 1.519 | 1.363 | 1.370 | 149 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 2.390 | 2.082 | 2.030 | 360 |
| Samtals | 12.672 | 11.565 | 11.063 | 1.094 |

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Fjárhagsáætlun ársins 2022 ber í senn merki aukinna efnahagslegra umsvifa eftir það högg sem heimsfaraldur kórónaveirunnar var og þeirrar viðspyrnu sem Mosfellsbær hefur náð með ráðdeild í rekstri. Ráðdeildin hefur beinst að því að tryggja óbreytta eða aukna þjónustu án þess að ganga of langt í lántöku. Þá endurspeglar áætlunin vel þá staðreynd að sveitarfélagið hefur burði til að mæta fjárhagslegum áföllum síðustu tveggja ára.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir um 203 m.kr. afgangi í rekstri sveitarfélagsins. Á árunum 2020 og 2021 tók bæjarsjóður í raun á sig tekjufall vegna faraldursins og hélt þannig óbreyttu þjónustustigi en nú sést hins vegar til sólar fyrir en gert var ráð fyrir. Hægst hefur lítilllega á íbúafjölgun en samhliða hefur verið fjárfest í innviðum sem lið í að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins.

Starfsemi Mosfellsbæjar gengur vel, íbúum heldur áfram að fjölga þó svo að hægt hafi á vextinum og starfsmenn standa vaktina sama á hverju dynur. Samstaða einkennir samfélag okkar Mosfellinga og íbúar eru samkvæmt könnunum ánægðir með þá þjónustu sem bærinn veitir. Allt eru þetta þættir sem skiptu sköpum við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu. Nú sem fyrr stendur starfsfólk okkar sig vel í sínum mikilvægu störfum fyrir íbúa og samstaðan í faraldrinum hefur verið órofin. Ráðdeild í rekstri er hins vegar nú sem fyrr leiðarstef starfsmanna og stjórnenda þar sem margar hendur vinna létt verk.

Sú stefna var mörkuð við gerð fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi ár að fara ekki þá leið að skera niður í rekstri og þjónustu sveitarfélagsins til að koma til móts við íbúa á erfiðum tímum. Sú leið var valin í þeirri fullvissu að andstæðingur okkar, veiran, myndi á endanum víkja fyrir hefðbundnu lífi. Mosfellsbær býr nú að því að hafa verið með góðan og ábyrgan rekstur undanfarin ár og þess vegna var geta til staðar til að taka við því efnahagslega höggi sem faraldurinn olli. Þessi staða var lykilþáttur þess að unnt var að reka bæjarsjóð með halla til skamms tíma þó að það hafi óhjákvæmilega leitt til aukinnar skuldsetningar miðað við fyrri áætlanir.

Íbúar eru nú orðnir 13.000 og gert er ráð fyrir að þeim muni fjölga um allt að 3,5% á næsta ári. Eitt af markmiðunum er að tryggja að vöxtur sveitarfélagsins hafi jákvæð áhrif á bæjarbraginn, þjónustu og þjónustustig og það hefur tekist á grunni samvinnu um það markmið.

Sú fyrirhyggja og ráðdeild sem við höfum sýnt hingað til er ástæða þess að við sjáum fram á bjartari tíma í rekstri bæjarins en við verðum áfram að vera vakandi yfir rekstrinum. Ég vil leyfa mér að taka byggingu Helgafellsskóla, sem nú er komin í rekstur, sem dæmi um ráðdeild en skólinn var afhentur á réttum tíma og kostnaðurinn var 2% undir kostnaðaráætlun. Slíkur árangur næst ekki af sjálfu sér og liggur ekki hjá einum einstaklingi heldur vaskri sveit starfsmanna og stjórnenda sem vinna gott starf í samvinnu við þá hönnuði og verktaka sem tóku að sér verkið.

Á næsta ári munu álögur á íbúa og fyrirtæki ekki hækka að raungildi og lækka í nokkrum tilfellum. Að okkar mati hefur þjónusta við íbúa og viðskiptavini eflst jafnt og þétt og þar er sígandi lukka best. Unnið er að hönnun og byggingu nýs leikskóla í Helgafellshverfi til að mæta þörfum fyrir leikskólaláss í því barnmarga hverfi. Einnig er gert ráð fyrir að hafist verði handa við byggingu langþráðrar þjónustubyggingar við íþróttamiðstöðina að Varmá og byggingu íþróttahúss við Helgafellsskóla. Þetta eru dæmi um framkvæmdir sem haldast í hendur við ört stækkandi sveitarfélag. Allt er þetta gert til þess að mæta þörfum íbúa í nútíð og framtíð og á þátt í að auka lífsgæði og velferð þeirra.

Við höfum mótað stefnu í málefnum fatlaðs fólks og lýðheilsu- og forvarnastefnu sem festir okkur í sessi sem heilsueflandi samfélag. Það er ánægjulegt að greina frá því að við mótun þeirra stefna fórur við nýjar leiðir í samráði vegna samkomutakmarkana. Þannig var samráðsfundur vegna stefnu um málefni fatlaðs fólks haldinn rafrænn í fjarfundakerfi. Þá nýttum við samráðsgáttina í *Betra Ísland* til að kalla eftir sjónarmiðum íbúa til fyrirbyggjandi draga að lýðheilsu- og forvarnastefnu. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á skólafestnu Mosfellsbæjar sem við munum sjá í byrjun næsta árs. Þá er unnið að því að endurskoða aðalskipulag Mosfellsbæjar og mun þeirri vinnu ljúka fyrir lok yfirstandandi kjörtímabils. Vinna við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með þátttöku í verkefninu *Barnvæn sveitarfélög* á vegum UNICEF er hafin. Nú stendur yfir vinna við stöðumat þar sem starfsmenn undirbúa greiningu sem lögð verður fyrir stýrihóp verkefnis og gera má ráð fyrir því að stýrihópurinn feli ungmennaráði að boða til ungmennabings í byrjun árs.

Á sviði skóla- og frístundamála verða hóflegar hækkningar á gjaldskrá til samræmis við hækkun verðlags en lagt er til að leikskólagjöld lækki um 5% á árinu 2022 og hafa leikskólagjöld þá lækkað um 20% á kjörtímabilinu. Þá eru dagvistunargjöld nú þau sömu fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri óháð vistunarformi. Allir nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar hafa nú afnot af einu tæki í upplýsinga- og tæknimálum. Starfsemi í félagsmiðstöðinni í Helgafellsskóla eykst í takt við aukinn nemendafjölda og stöðugildum verður fjölgað. Haustið 2021 hófst kennsla á unglingsstigi í Helgafellsskóla með kennslu 8. bekkjar. Þá er unnið að uppsetningu nýrra aðgangshliða í íþróttamiðstöðvum bæjarins sem byggja á snjalllausnum.

Á fjölskyldusviði voru árin 2020 og 2021 þung í form fjárhagsaðstoðar, sem helst í hendur við erfitt ástand á atvinnumarkaði. Á árinu 2022 er áætlað að fjárhagsaðstoð verði aftur komin á sama stað og áður en heimsfaraldurinn skall á, enda staðan á atvinnumarkaði mun betri en síðastliðin tvö ár. Árið 2022 verður fyrsta heila starfsár Úlfsins fyrir fötluð börn og ungmenni, en áætlað er að starfsemin eigi sér stað allt árið um kring með heilsdagsplássum þegar um skólafrí er að ræða. Settar hafa verið nýjar reglur um stuðning við börn, en þar er um að ræða nýjan hóp í þjónustu fjölskyldusviðs. Á árunum 2022–2025 verður áfram unnið eftir fjárfestingaáætlun á félagslegum íbúðum, en fyrirhuguð er sala á einni íbúð á ári hverju og kaup á tveimur íbúðum. Þá hafa orðið töluverðar breytingar á heimili fyrir börn og fjölgaði börnum þar í þjónustu úr tveimur í fimm.

Á sviði menningarmála verður lið fyrir lið unnið að framkvæmd þeirra aðgerða sem finna má í menningarstefnunni. Þá verði tekinn upp þráðurinn við að auka viðburðahald í Hlégarði sem faraldurinn setti á ís og undir áramót lýkur vinnu við fyrsta áfanga endurbóta á innra rými Hlégarðs. Endurbæturnar eru liður í áherslum menningarstefnunnar um að skapa rými fyrir menningarstarfsemi og að Hlégarður verði miðstöð menningarlífs í Mosfellsbæ. Loks eru uppi áform um að setja upp umhverfislistaverk á miðbæjarsvæðinu.

Á umhverfissviði verður unnið að hönnun og framkvæmd nýs leikskóla í Helgafellshverfi en áætlað er að byggingu hans verði lokið á árinu 2023. Einnig verður hafist handa við byggingu nýs íþróttahúss í Helgafellsskóla. Þá verður byggð ný þjónustubygging við íþróttamiðstöðina að Varmá. Gert er ráð fyrir stórum gatnagerðarverkefnum á árinu 2022, svo sem vegna 5. áfanga Helgafellshverfis og nýbygginga á miðsvæði og við Hamraborg. Þá tekur Mosfellsbær þátt í stækkun hjúkrunarheimilisins Hamra með ríkinu, með byggingu 44 nýrra hjúkrunarrýma.

Á sviði miðlægrar þjónustu verður unnið að verkefnum sem eru til þess fallin að efla innri og ytri þjónustu bæjarins. Áfram verður leitast við að hanna ferla í þjónustu þannig að þarfir og velferð íbúa ráði úrslitum og að upplýsingatækni verði nýtt til hins ýtrasta. Samkomutakmarkanir síðustu mánaða hafa kallað á aukna notkun rafrænna leiða í þjónustu og Mosfellsbær mun nýta reynslu síðustu mánaða til að bæta stafræna ásýnd og þjónustu bæjarins.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2022 eru:

- Að afgangur verði af rekstri bæjarins þrátt fyrir að tekjur hafi lækkað vegna kórónaveirufaraldursins.
- Að gjaldskrár breytist í samræmi við breytingar á verðlagi og hækki því ekki að raungildi. Leikskólagjöld lækki um 5%.
- Að álagningarhlutföll fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði og atvinnurekstur lækki.
- Að nýjum lóðum í Helgafellshverfi og á miðbæjarsvæði verði úthlutað fyrir fjölbreyttar íbúðargerðir.
- Að bygging nýs leikskóla í Helgafellshverfi og íþróttahúss við Helgafellsskóla hefjist.
- Að bygging þjónustubyggingar við íþróttamiðstöðina að Varmá hefjist.
- Að dagvistunargjöld allra barna frá 12 mánaða aldri verði þau sömu óháð vistunarformi.
- Að upplýsinga- og tæknimál í grunn- og leikskólum verði áfram eflað.
- Að félagslegum íbúðum fjölgi.
- Að framkvæmdir við stækkun hjúkrunarheimilisins Hamra hefjist.
- Að átak í viðhaldi bygginga bæjarins haldi áfram.
- Að umbætur á þjónustu og stjórnsýslu haldi áfram og að ný heimasíða verði tekin í notkun.

Meginhluta útgjalda Mosfellsbæjar er varið til grunnþjónustu á sviði fræðslumála, íþrótt- og tómstundamála, umhverfismála og verkefna á sviði félagsþjónustu. Verkefnin eru öll hugsuð til hagsbóta fyrir íbúa, fjölskyldur og fyrirtæki í bænum.

Í fjárhagsáætlun ársins 2022 er nú sem fyrr lögð áhersla á að byggja á og þróa áfram þá grunnþjónustu sem bærinn veitir. Vinna við fjárhagsáætlun kallar á umfangsmikla vinnu af hendi starfsfólks Mosfellsbæjar. Sú vinna er leidd af fjármáladeildinni okkar, framkvæmdastjórum fagsviða, forstöðumönnum stoðdeilda og forstöðumönnum stofnana bæjarins. Þeim ber að þakka og jafnframt vil ég þakka okkar flotta starfsfólki fyrir góð samtöl, útsjónarsemi og fagmennsku við undirbúning fjárhagsáætlunar ársins 2022.

Nú sem fyrr leysti starfsfólk Mosfellsbæjar hverja þraut á grunni virðingar, jákvæðni, framsækni og umhyggju fyrir þeim verkefnum sem því eru falin á hverjum tíma. Þá vil ég þakka bæjarfulltrúum fyrir þeirra framlag til undirbúnings þeirrar stefnumörkunar sem fjárhagsáætlun hvers árs er.


Haraldur Sverrisson,
bæjarstjóri

| Eignfærðar fjárfestingar | 2022 |
|--|--------------------|
| Fyrirhugaðar fjárfestingar | |
| Varmárskóli – endurbætur | 40 m.kr. |
| Kvíslarskóli – endurbætur | 52 m.kr. |
| Lágafellsskóli – endurbætur | 15 m.kr. |
| Brúarland – endurbætur | 5 m.kr. |
| Helgafellsskóli – nýbygging | 30 m.kr. |
| Helgafellsskóli – íþróttahús | 300 m.kr. |
| Krikaskóli – endurbætur | 35 m.kr. |
| Bætt eldhúsaðstaða – Reykjakot og Leirvogstunga | 50 m.kr. |
| Nýr leikskóli Helgafellslandi | 300 m.kr. |
| Endurnýjun skólalóða | 30 m.kr. |
| Samtals fjárfest í skólum | 857 m.kr. |
| Íþróttamiðstöð að Varmá – endurbætur | 85 m.kr. |
| Íþróttamiðstöð að Lágafelli | 20 m.kr. |
| Íþróttamiðstöð að Varmá – þjónustubygging | 250 m.kr. |
| Þjónustustöð | 5 m.kr. |
| Bólið | 4 m.kr. |
| Ævintýragarður | 7 m.kr. |
| Aðstaða skógræktar | 15 m.kr. |
| Stikaðar gönguleiðir | 5 m.kr. |
| Skíðasvæði | 55 m.kr. |
| Hlégarður | 18 m.kr. |
| Samtals fjárfest í öðrum mannvirkjum | 464 m.kr. |
| Fjárfest í gatnagerð | 881 m.kr. |
| Tekjur af gatnagerðargjöldum | -1.332 m.kr. |
| Samtals fjárfest í gatnagerð (nettó) | -451 m.kr. |
| Bifreiðar og tæki þjónustustöðvar | 20 m.kr. |
| Samtals fjárfestingar A-hluta | 890 m.kr. |
| Samtals fjárfesting í fráveitu (nettó) | 329 m.kr. |
| Samtals fjárfesting í hitaveitu (nettó) | 111 m.kr. |
| Samtals fjárfesting í vatnsveitu (nettó) | 159 m.kr. |
| Samtals fjárfesting í félagslegum íbúðum (nettó) | 55 m.kr. |
| Samtals fjárfesting í hjúkrunarheimili | 60 m.kr. |
| Samtals fjárfestingar í A- og B-hluta | 1.604 m.kr. |

GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA

FJÖLSKYLDUSVIÐ

Starfsemi fjölskyldusviðs er margþætt. Sviðið hefur yfirumsjón með barnaverndarmálum og félagsþjónustu, þ.m.t. félagslegu húsnæði, fjárhagsaðstoð, málefnum eldri borgara og þjónustu við fatlað fólk. Heildaráætlun vegna reksturs fjölskyldusviðs á árinu 2022 nemur 2.509 m.kr. en var 2.272 m.kr. í áætlun ársins 2021.



Eins og áður vegur málaflokkur fatlaðs fólks langþvingst í áætlun sviðsins, 78% af útgjöldum eða 1.948 m.kr., og er framlag til Skálatúns stærsti einstaki liðurinn með 650 m.kr. Framlög Jöfnunarsjóðs til málaflokksins eru áætluð 1.221 m.kr. vegna ársins 2022 en þau eru áætluð í tekjuáætlun bæjarins. Aukinn kostnaður er vegna búsetu fatlaðs fólks sem skýrist að miklu leyti af verkefninu *Betri vinnutími* í vaktavinnu, en hækkunin er að meðaltali um 11% milli ára vegna verkefnisins. Einnig hafa komið í þjónustu á árinu 2021 notendur með umfangsmiklar þjónustuparfir sem hækkar áætlanir milli ára.

Nú er í fyrsta sinn áætlaður frístundaklúbburinn Úlfurinn, sem var settur af stað í ágúst 2021, og er það þjónusta eftir skóla fyrir fötluð börn og ungmenni á aldrinum 10–20 ára. Er það mikil bæting á þjónustu við börn, ungmenni og foreldra þeirra, en áður keypti sveitarfélagið þjónustuna af öðrum sveitarfélögum sem leiddi til þess að ungmennin þurftu að ferðast oft um langan veg til að sækja slíka þjónustu. Góð aðsókn hefur verið í klúbbinn og hafa þau sem nýta úrræðið, sem og foreldrar þeirra, lýst yfir mikilli ánægju með þjónustuna.

Aukinn þungi hefur verið í barnaverndarmálum, sem sjá má bæði á rúmlega 20% aukningu á fjölda tilkynninga til barnaverndar, en einnig á því að kostnaður hefur aukist samhlíða vegna kaupa á þeim úrræðum sem barnavernd hefur til að veita þjónustuna. Inni í áætlun sviðsins er gert ráð fyrir að stöðugildi í barnavernd aukist um 50%, og verða þá þrír ráðgjafar og einn stjórnandi sem sinna eingöngu barnaverndarmálum, eða samtals fjögur stöðugildi.

Fjárhagsaðstoð lækkar verulega milli ára sem er verulega ánægjulegt þar sem það endurspeglar stöðu á atvinnumarkaði og fjárhagsaðstoð er veitt sem neyðaraðstoð þegar einstaklingar geta ekki séð sér farborða á annan hátt. Gert er ráð fyrir því að á árinu 2022 verði stöðu fyrir

kórónuverufaraldurinn náð og þjónustan komin í jafnvægi, enda hefur umsóknum um fjárhagsaðstoð fækkað verulega á seinni hluta ársins 2021.

Nýjar reglur um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra tóku gildi á árinu 2021 og er nú áætlað fyrir þeirri þjónustu fyrir árið 2022. Reglurnar heimila fjölskyldusviði að samþykkja þjónustu fyrir börn sem eiga ekki rétt á þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks sem og þegar ekki er þörf fyrir afskipti barnaverndar af málum barns og fjölskyldu þess. Þetta er mikil bæting á þjónustu fyrir þann hóp og getur í ákveðnum tilvikum flýtt fyrir því að málum sé lokað hjá barnavernd þar sem hægt er að vísa þeim börnum áfram í þjónustu innan sviðsins.

Verulega hefur verið bætt í þjónustu sviðsins gagnvart stuðningsþjónustu (áður félagslegri heimaþjónustu) með fjölgun félagslegra innlita og aukinni samvinnu við heimahjúkrun höfuðborgarsvæðisins. Mikið hefur verið um aukinn þunga í málum þar sem samvinna við Landspítala vegna útskriftar á einstaklingum hefur verið góð. Mikil aðsókn hefur verið í þjónustuna og er gert ráð fyrir að sú aðsókn haldi sér á árinu 2022.

Áfram er gert ráð fyrir því að vinna að fjölgun félagslegra leiguíbúða jafnt og þétt. Áætluð er sala á einni íbúð á árinu 2022 og kaup á tveimur. Áherslan hefur verið á að selja það húsnæði sem er óhagkvæmt í rekstri, svo sem vegna aldurs þess og stærðar, og kaupa hagkvæmara húsnæði á móti. Einnig er áætlað að fjölga jafnt og þétt félagslegum íbúðum sem leigðar eru af einkaaðilum, en það hefur reynst sveitarfélaginu vel að hafa einnig slíkar íbúðir til útleigu.

Reglum um félagslegt húsnæði og sérstakan húsnæðisstuðning var breytt á árinu 2021 sem hefur þau áhrif í áætlun ársins 2022 að aukinn kostnaður verður við veitingu húsnæðisstuðningsins, en auknar tekjur koma á móti við innheimtu leigu í félagslegum íbúðum. Þetta er til komið þar sem húsaleiga hækkaði frá 1. október 2021 og var samhliða því heimilað að veita þeim húsnæðisstuðning sem leigja félagslegar íbúðir af Mosfellsbæ. Heildarkostnaðaráhrif þessara tveggja liða eru því óveruleg.

Gjaldskrár fjölskyldusviðs fyrir næsta ár eru áætlaðar með hækkun miðað við vísitölu neysliverðs.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Í Mosfellsbæ er rekið öflugt fræðslu- og frístundastarf sem gerir bæjarfélagið fjölskylduvænt og eftirsóknarvert til búsetu. Fjárhagsáætlun 2022 fyrir fræðslu- og frístundasvið tekur meðal annars til leik- og grunnskóla, dagforeldra, Listaskóla, frístundaselja, félagsmiðstöðvar, ungmennahúss, vinnuskóla, sumarnámskeiða, íþróttamiðstöðva, íþróttavalla, skólalþjónustu og skólaaksturs. Í heild er áætlað að fjárframlög vegna reksturs á vegum fræðslu- og frístundasviðs á árinu 2022 nemi um 8.590 m.kr. sem eru 66% af rekstri málaflokka hjá Mosfellsbæ.


Á rekstrarárinu setti heimsfaraldurinn mark sitt á alla starfsemi fræðslu- og frístundasviðs. Nokkrir tugir reglugerða um farsóttaraðgerðir litu dagsins ljós á árinu þar sem ýmist var hert eða slakað á aðgerðum. Skóla- og frístundastarf var töluvert skert á vormánuðum en undir sumar urðu tilslakanir og sérstök reglugerð um skólustarf féll úr gildi. Starfsemi í íþróttamannvirkjum og sundi varð eðlileg á ný en þegar hausta tók var ljóst að smitum fór fjölgandi og enn á ný voru skóla- og frístundastarfi settar hömlur vegna sóttvarnaaðgerða. Í október tók við reglugerð þar sem samkomutakmarkanir voru felldar úr gildi og skóla- og frístundastarfi komið í réttan farveg.

Líkt og síðustu ár hefur íbúum fjölgað í bæjarfélaginu. Á árinu 2022 er áætlað að fjölgun leik- og grunnskólabarna muni fyrst og fremst verða í Helgafellshverfi líkt og á síðasta ári. Helgafellsskóli var fullbyggður í ágúst 2021 sem heildstæður grunn- og leikskóli. Hafin er hönnun á nýjum leikskóla í hverfinu og er áætlað að hann taki til starfa haustið 2023.

Leikskólabörn á aldrinum 2–5 ára með lögheimili í Mosfellsbæ eru 700 og 1 árs börn (f. 2020) eru 180 eða samtals 880 börn fædd 2016–2020. Þann 1. október voru 804 börn úr þessum hópi skráð í leikskóla í Mosfellsbæ að ungbarnadeildum meðtöldum, en auk þess eru 32 börn hjá dagforeldrum og 25 eru skráð í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Á fjárhagsárinu er gert ráð fyrir rúmlega 800 börnum í leikskólum Mosfellsbæjar. Til að mæta auknum barnafjölda í Helgafellshverfi er elsta deild leikskólans í grunnskólahluta húsnæðisins þar sem teymiskennsla er á milli 5 og 6 ára barna. Í Höfðabergi er möguleiki á fjölgun leikskólaplássna.

Fjöldi leikskólaplássna í Mosfellsbæ 2010-2021




Frá hausti 2021 eru allir árgangar grunnskólans til húsa í Lágafellsskóla en leikskólabörn eru annars vegar á Huldubergi (1–3 ára) og hins vegar á Höfðabergi (3–5 ára).

Á síðustu árum hefur ungbarnaplássnum fjölgað jafnt og þétt og eru þau orðin 120 samtals á Huldubergi, í Hlíð og í Leirvogstungu. Ungbarnaleikskóli mun taka til starfa í Helgafellshverfi haustið 2023.

Síðustu þrjú fjárhagsár lækkuðu leikskólagjöld um 5% á hverju ári og lagt er aftur til að lækka almenna gjaldskrá leikskóla um 5% frá hausti 2022. Í fjárhagsáætlun ársins 2022 er lagt til að frá og með 12 mánaða aldri greiði foreldrar sama gjald óháð því hvort barnið sé í leikskóla á vegum Mosfellsbæjar, einkareknum skóla eða í ungbarnþjónustu (dagforeldrar, ungbarnaleikskóli/deild). Áður miðaðist þetta við 13 mánaða aldur. Aðrar gjaldskrár hækka í samræmi við þróun verðlags.

Þegar horft er á grunnskólaaldurinn hefur fjölgun barna í þeim aldurshópi ekki verið hlutfallslega eins mikil og í leikskólanum. Í upphafi skólaársins 2021–2022 eru 1.918 börn á grunnskólaaldri skráð með lögheimili í Mosfellsbæ. Þar af eru 1.883 við nám í grunnskólum bæjarins, en önnur í skólum utan sveitarfélagsins. Á skólaárinu 2022–2023 er áætlað að börnunum muni fjölga um 2–3%.

Fjöldi barna í grunnskólum 2010-2020



Helgafellsskóli hóf formlega starfsemi í nýju húsnæði í byrjun ársins 2019. Byggingu skólans lauk í ágúst 2021. Skólaárið 2021–2022 eru átta árgangar í grunnskóladeild með 301 barni og fjórir árgangar í leikskóladeild sem telja 117 börn. Áætlað er að haustið 2022 bætist við níundi árgangurinn og stefnir nemendafjöldi Helgafellsskóla í að verða um 450 börn. Þessi fjölgun barna endurspeglast í fjárhagsáætlun 2022.

Við tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar hefur stöðugildum verið fjölgað á síðustu árum. Áfram er lögð áhersla á að yngstu börnin sækji tónlistarkennslu í sínum heimaskóla. Tónlistarforskóli var settur á laggirnar í Listaskólanum haustið 2021 þar sem börnum er kennt í smærri hópum. Einnig var farið af stað með nýtt verkefni sem felur í sér hópkenndu á strengjahljóðfæri.

Endurskoðun á menntastefnu Mosfellsbæjar er í ferli með öflugt starf í skóla fjölbreytileikans að leiðarljósi. Þeirri endurskoðun mun ljúka í byrjun árs 2022 og er hún unnin í samstarfi við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins.

Í menntastefnu Mosfellsbæjar er lögð áhersla á hugmyndafræði skóla fyrir alla þar sem meginsteifið er að öll börn fái kennslu við hæfi, hvort sem um er að ræða nám í almennum leik- og grunnskólum eða í sérskólum. Á síðustu tveimur árum hefur markvisst verið byggð upp stoðþjónusta í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar. Í fjárhagsáætlun 2022 er lagt til að áfram verði stutt við stoðþjónustu eins og Fellið (Lágafellsskóli) og Atómstöðina, Gerplu og Heimsljós (Kvíslarskóli) í grunnskólum og stoðþjónustu við börn í leikskólum.

Fjölgun á ný- og snúbúum í skólum kallar á sérhæfða kennsluhætti. Um 11% barna í leikskólum Mosfellsbæjar eru tvítyngd eða margtyngd og um 12% í grunnskólum sem er aukning um 2% á milli ára. Starfshópur um stöðumat vegna barna með erlendan bakgrunn hefur verið settur á laggirnar.

Skólaþjónusta Mosfellsbæjar hefur þróast á síðustu árum og skólaárið 2020–2021 hafði skólaþjónustan aðkomu að um 13% barna í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar. Þar af eru 59% beiðna greiningar sálfræðinga, 20% mála eru talmeinaþjónusta, 16% mála eru ráðgjöf og 5% beiðna eru óskir um setu sérfræðinga skólaþjónustu í teymum eða um eftirfylgd í máli. Á skólaárinu er verið að efla ráðgjafabátt skólaþjónustunnar fyrir leik- og grunnskóla, skerpa verkferla og auka teymisvinnu og samráð um börn með fjölþættan vanda, bæði innan og utan Mosfellsbæjar. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi 11. júní 2021 kveða á um samráð og samþættingu þjónustu við börn með fjölþættan vanda þar sem allir aðilar sem barni tengjast eiga að koma að borðinu og tryggja farsæld barnsins. Félagsmálaráðherra vinnur nú að innleiðingu og kostnaðarmati í samvinnu við sveitarfélög.

Síðustu ár hefur verið unnið markvisst að því að efla upplýsinga- og tæknimál í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar. Kennarar og annað fagfólk í leik- og grunnskólum hafa fengið til umráða fartölvur sem nýttast þeim í starfi. Lagðir voru umtalsverðir fjármunir í að koma upp þráðlausum tengingum í leik- og grunnskólum og verið er að efla upplýsinga- og tækniumhverfi grunnskólanna með megináherslu á spjald- og fartölvur fyrir nemendur og innleiðingu nýrra kennsluhátta. Lagt er til í fjárhagsáætlun 2022 að þessari vegferð verði haldið áfram og að á vorönn hafi hver nemandi í grunnskólum Mosfellsbæjar aðgang að einu tæki. Áfram verða skipulögð námskeið í samstarfi við UT-teymi skólanna og ráðgjafa Mosfellsbæjar. Gert er ráð fyrir fjármagni í hverjum skóla til að viðhalda tækjabúnaði sem og til að halda námskeið.

Í Mosfellsbæ er boðið upp á öflugt frístundastarf og meginmarkmið þess er að búa vel að barnafjölskyldum og ungu fólki. Mjög gott samstarf er á milli Frístundar og Aftureldingar. Í tvö skólaár hefur sérstakur frístundavagn ekið um Mosfellsbæ. Lagt er til að því verkefni verði haldið áfram. Einnig er lagt til að Frístundafjóri fyrir 6 og 7 ára börn verði haldið áfram sem og fjölskyldutímum sem fram fara í íþróttamiðstöðinni að Varmá.

Félagsmiðstöðin Ból er nú með starfsemi í þremur grunnskólum bæjarins. Ungmennahúsið Mosinn hefur aukið starf sitt frá stofnun þess fyrir þremur árum og er ætlað ungmennum 16 ára og eldri. Lagt er til að bætt verði við fjármagni til Bólsins til að auka starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í Helgafellsskóla þar sem unglíngadeild (elsta stig) tók til starfa haustið 2021.

Fyrir tveimur árum var í fyrsta skipti boðið upp á sumarstörf fyrir ungmenni 16–20 ára sem þurfa stuðning á vinnumarkaði. Þessum stuðningsstörfum hefur verið að fjölga í takt við fjölgun íbúa og í fjárhagsáætlun 2022 verða þessi störf áfram til staðar.


Mosfellsbær er heilsueflandi samfélag og hluti af því er að bjóða upp á hreyfiaðstöðu fyrir almenning. Íþróttamiðstöðvar og íþróttasvæði bæjarins leika þar stórt hlutverk. Á árinu 2022

verður töluverðu fjármagni veitt til endurnýjunar á innviðum húsa og valla sem og til eflingar þjónustu íþróttamiðstöðvanna. Á seinni hluta ársins 2021 hófst undirbúningur og hönnun á þjónustubyggingu við íþróttahúsið að Varmá. Slík bygging mun gjörbylta aðstöðu og aðkomu gesta að einni stærstu íþróttamiðstöð landsins. Ný aðgangskerfi í báðar sundlaugar verða sett upp á næsta ári þar sem hið hefðbundna aðgangskerfi verður fært í nútímahorf með snjalllausnum.

Á árinu 2020 tók líkamsræktarstöðin World Class í notkun nýtt húsnæði við íþróttamiðstöðina að Lágafelli. Samhliða því var aðstaða íþróttamiðstöðvarinnar bætt með uppsetningu á köldum potti og endurnýjun á sánaklefum. Reiknað var með töluverðri aukningu gesta í kjölfarið en aðsóknarhömlur vegna heimsfaraldursins hafa haft áhrif á gestafjölda síðasta eina og hálfra árið.

Áætlað er að aðsóknartölur muni aukast á ný á árinu 2022 og að jafnvel stefni í metaðsókn í íþróttamiðstöðvarnar.


Íþróttamiðstöðin að Lágafelli
Aðsóknartölur 2013–2021



Þátttaka barna og unglunga í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi er einn af þremur burðarstólpum forvarnastarfs ásamt aðkomu heimila og skóla.

Nýting frístundaávisana í Mosfellsbæ 2021–2022 er góð. Um 75% af börnum og ungmennum á aldrinum 5–18 ára hafa notað ávisunina. Notkun frístundaávisana gefur til kynna að sumir einstaklingar noti ávisunina hjá fleiri en einum aðila. Áfram verður mosfellskum fjölskyldum boðið upp á frístundaávisun til að niðurgreiða tómstunda- og íþróttaráttöku barna og ungmenna.

Nýting frístundaávisanna 2015-2021



Rannsóknir hafa sýnt að eitt öflugasta forvarnastarf með eldri borgurum og leið til aukinna lífsgæða sé að stuðla að hreyfingu og tómstundaiðkun. Áfram verður boðið upp á frístundaávisun fyrir eldri borgara í Mosfellsbæ. Slíka ávisun er hægt að nota í tómstunda- og hreyfitalboð innan jafnt sem utan Mosfellsbæjar. Í samvinnu við fjölskyldusvið gafst eldri borgurum möguleiki á að taka þátt í hreyfinámskeiði á haustönn og hugað verður að áframhaldandi tilboðum fyrir eldri borgara innan íþróttamannvirkjana.

Fyrir fjórum árum voru allir samstarfssamningar við íþrótt- og tómstundafélög endurnýjaðir í samvinnu við félögin. Samningar renna út um áramótin 2021–2022 og eru viðræður hafnar um áframhaldandi samninga. Gert er ráð fyrir hækkun samninga í áætlun í samræmi við forsendur í núverandi samningum.

Lýðheilsu- og forvarnaáætlun Mosfellsbæjar hefur tekið gildi og á árinu 2022 verður að huga að fyrstu skrefunum í aðgerðaáætlun í samstarfi við stofnanir og íbúa Mosfellsbæjar.

Á árinu 2022 eru lagt til að leikskólagjöld lækki um 5% en almennt er lagt til að gjaldskrár sviðsins taki breytingum í samræmi við þróun verðlags.


Kröfur um hagkvæmni í rekstri í fræðslu- og frístundamálum eru leiðarljós við gerð fjárhagsáætlunarinnar en áætlunin ber þess jafnframt merki að framlög til skólustarfs og íþrótt- og tómstundastarfs hækka í takt við íbúafjölgun. Íbúum Mosfellsbæjar fjölgar og uppbygging á öflugu fræðslu- og frístundastarfi er liður í því að tryggja að Mosfellsbær sé aðlaðandi kostur til búsetu.

Fjárhagsáætlun fræðslu- og frístundasviðs 2022 styður við stefnu bæjarins um eflingu fræðslu- og frístundastarfs með áherslu á heilsuefandi samfélag og lífsgæði bæjarbúa.

UMHVERFISSVIÐ


Á umhverfissviði Mosfellsbæjar fer fram fjölbætt og umfangsmikil starfsemi. Sviðið hefur umsjón með skipulags- og byggingarmálum, sinnir veitustarfsemi, gatna- og umferðarmálum, úrgangsmálum, almenningssamgöngum, umhverfismálum, náttúruvernd og garðyrkju. Þá annast sviðið eftirlit með dýrahaldi og landbúnaði innan marka sveitarfélagsins. Loks heyra undir sviðið allar nýframkvæmdir og viðhald fasteigna, gatna og veitna Mosfellsbæjar.

Árið 2022 verða nýframkvæmdir á vegum Mosfellsbæjar umfangsmiklar þar sem eignfærðar framkvæmdir eru áætlaðar tæplega 2 milljarðar króna nettó en 3 milljarðar brúttó. Kostnaður við framkvæmdir nýrra gatna er þannig áætlaður 814 m.kr. og fjárfesting í Veitum Mosfellsbæjar nemur 638 m.kr. Þessar tölur endurspegla með skýrum hætti að Mosfellsbær er áfram sveitarfélag í örurum vexti þar sem mikið er lagt í uppbyggingu innviða. Verkefni umhverfissviðs er að halda utan um þessar framkvæmdir þannig að vel fari og tryggja að önnur starfsemi verði fyrir sem minnstri truflun. Á næsta ári er áætlað að greiðslur til Betri samgangna ohf. á grunni Samgöngusáttmála nemi um 84 m.kr. í samræmi við ákvæði sáttmálans. Áhersla umhverfissviðs á aukna upplýsingagjöf til íbúa og fyrirtækja í tengslum við framkvæmdir skiptir máli og hefur mælst vel fyrir. Haldið verður áfram á þeirri braut árið 2022 að koma fréttum og upplýsin gum á framfæri.



Umhverfismál eru málaflokkur sem fær sífellt meiri rýmd og athygli í daglegu lífi íbúa. Með innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í nýja umhverfisstefnu verður lögð áhersla á að sveitarfélagið auki áherslur sínar í þessum málaflokki og geri þær enn sýnilegri.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA UMHVERFISMÁLA



Árið 2022 verður umfangsmikið á sviði skipulagsmála þar sem áhersla verður lögð á að ljúka endurskoðun aðalskipulags með vöskum hópi sérhæfðra ráðgjafa. Lögð er sérstök áhersla á samþættingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna inn í nýtt aðalskipulag Mosfellsbæjar.

Stærstu einstöku verkefni á árinu 2022 verða hönnun og framkvæmd nýs leikskóla við Vefarastræti í Helgafellshverfi, nýtt íþróttahús við Helgafellsskóla í Gerplustræti og ný þjónustubygging við íþróttamiðstöðina að Varmá. Gert er ráð fyrir stórum gatnagerðarverkefnum á árinu 2022, svo sem vegna 5. áfanga Helgafellshverfis og nýbygginga á miðsvæði og við Hamraborg. Þá tekur Mosfellsbær þátt í stækkun hjúkrunarheimilisins Hamra með ríkinu. Verkefnið Okkar Mosó verður á sínum stað en umhverfissvið hefur annast framkvæmd þeirra verkefna sem kosið er um.

Umhverfissvið heldur utan um rekstur kortasjár Mosfellsbæjar, en hún er öflugt verkfæri sem nýtist jafnt starfsmönnum, verktökum, ráðgjöfum og íbúum Mosfellsbæjar. Kortasjain hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum og stöðugt er í gangi vinna við umbætur og innsetningu nýrra og uppfærðra gagna. Rafræn þjónusta verður áfram í þróun og mótun en mikil umbreyting hefur þannig orðið á ýmsum þáttum þjónustunnar milli ára og valdið meiri sérhæfingu innan sviðsins.

ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTAÐEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADÉILD

Hjá Mosfellsbæ starfa þrjár stoðdeildir sem sameiginlega annast alla miðlæga þjónustu innan bæjarskrifstofanna, auk þess að veita kjörnum fulltrúum og nefndarmönnum þjónustu sem og stofnunum bæjarins. Deildirnar styðja við og hafa eftirlit með framkvæmd þjónustu og stjórnarsýslu bæjarfélagsins. Þá sinna þær margháttuðum verkefnum fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins, þ.e. bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð.

Verkefni á bæjarskrifstofum eru í senn inn á við og út á við. Inn á við hverfast verkefni um þjónustu við fagsvið, stofnanir, starfsmenn, kjörna fulltrúa og nefndarfólk. Hins vegar hverfast verkefni um þjónustu við íbúa og viðskiptavini bæjarins. Í stoðdeildunum starfa samtals um 20 starfsmenn.

Á sviði miðlægrar þjónustu verður áfram unnið að verkefnum sem eru til þess fallin að efla innri og ytri þjónustu bæjarins. Samkomutakmarkanir hafa orðið til þess að auka notkun rafrænna leiða í þjónustu og Mosfellsbær mun nýta reynslu síðustu mánaða til þess að halda áfram að auka framboð á rafrænni þjónustu og efla í senn stafræna ásýnd og stafræna þjónustu bæjarins. Í lok árs er gert ráð fyrir því að nýr vefur Mosfellsbæjar verði tekinn í notkun og í kjölfarið verða vefir stofnana uppfærðir. Mosfellsbær hefur tekið þátt í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á sviði stafrænnar þróunar og tekur þátt í sameiginlegu verkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um sama efni.

Heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á öll störf hjá Mosfellsbæ. Hólfaskipting, fjarvinna og sóttvarnir hafa einkennt dagleg verkefni og kallað eftir aðlögunarhæfni og sveigjanleika starfsmanna. Starfsmenn Mosfellsbæjar hafa tekið þessum áskorunum af fagmennsku og leyst krefjandi verkefni með lausnamiðaðri hugsun.

Mannauðsdeild heldur áfram vegferð sinni við að bæta ferla og auka skilvirkni og má þar nefna áframhaldandi samþættingu kerfa og innleiðingu á rafrænum lausnum. Nýtt ráðningarviðmót verður innleitt á komandi mánuðum og uppfærsla á kerfum er fyrirhuguð.


Stytting vinnuvikunnar var yfirgripsmikið verkefni á árinu og hefur styttingin komið í framkvæmd í öllum stofnunum Mosfellsbæjar. Áfram verður unnið að því að styðja við að stofnanir nái markmiðum um styttingu áður en gildistími kjarasamninga rennur út árið 2023.

Annað árið í röð þurfti að fresta starfsdegi Mosfellsbæjar vegna heimsfaraldursins. Stefnt er að því að halda starfsdag í ágúst 2022. Mannauðsdeild heldur á nýju ári áfram að styðja forstöðumenn með vikulegum rafrænum fundum og vera þeim innan handar við mannauðstengd málefni.

Mosfellsbær hlaut jafnlaunavottun fyrst fyrir þremur árum, en í kjölfar síðustu úttektar hefur Mosfellsbær nú hlotið jafnlaunavottun til ársins 2024.

**Sigurbjörg Fjölisdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs,
G. Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs,
Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs,
Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar,
Pétur J. Lockton, fjármálastjóri,
Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri.**

NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR



FJÖLSKYLDUSVIÐ – 02

02010 Fjölskyldunefnd

Engin breyting er áætluð á starfi fjölskyldunefndar á árinu. Með samþykkt bæjarráðs um greiðslu fyrir setu fulltrúa í ráðgefandi ráðum bæjarins hefur greiðslum til öldungaráðs og notendaráðs fatlaðs fólks verið bætt við áætlun ársins 2022.

02020 Skrifstofa félagsþjónustu

Á skrifstofu fjölskyldusviðs starfa sérfræðingar við alla málaflokka sviðsins. Stærsti liður skrifstofunnar er launakostnaður. Laun tveggja starfsmanna skrifstofunnar sem sinna málaflokki fatlaðs fólks og aldraðra eru færð á *Málefni fatlaðra – sameiginlegur kostnaður* deild 02500. Önnur laun eru færð á skrifstofu sviðsins, eins og áður. Aukning hefur orðið á launalið, úr 115 m.kr. fyrir árið 2021 í 123 m.kr. á árinu 2022, en vegna mikillar aukningar á málum í barnavernd er staða sem var á árinu 50%, og nýtt til kaupa á þjónustu verktaka í barnavernd, færð upp í heilt stöðugildi. Breytingar á öðrum liðum eru óverulegar.

02110 Fjárhagsaðstoð

Eftir tvö þung ár í veitingu fjárhagsaðstoðar er nú gert ráð fyrir að fjárhagsaðstoð nái fyrra jafnvægi. Veruleg fækkun hefur orðið í hópi þeirra sem þurfa að þiggja þá lögbundnu neyðaraðstoð sem fjárhagsaðstoð er, með verulega bættum atvinnumarkaði. Að auki hafa ráðgjafar sviðsins unnið ötullega að því að aðstoða einstaklinga við að sækja sér nám, rétt til örorkubóta eða komast á vinnumarkað þannig að þeir geti séð sjálfum sér farborða á annan hátt en með fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Þetta allt leiðir til þess að milli árána 2021 og 2022 lækkar áætlun fyrir fjárhagsaðstoð úr 84 m.kr. í 52 m.kr.

02150 Stuðningsþjónusta – einstaklingsstuðningur

Einstaklingsstuðningur (áður liðveisla) var áður færður á deild 02510 *Akstursþjónusta* en er nú færður á sérdeild til samræmis við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Mikil aukning hefur orðið í þeim hópi sem nýtir sér liðveislu út frá lögum um þjónustu við fatlað fólk. Að auki er sveitarfélagið farið að þjónusta nýjan hóp með einstaklingsstuðningi sem er lögbundið verkefni sveitarfélagsins út frá breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið samþykkti reglur um þann stuðning á árinu 2021.

Áætlun fyrir þennan lið fer því úr 58 m.kr. fyrir árið 2021 í 72 m.kr. og eru þar af 5 m.kr. vegna nýrra reglna. Um 10 m.kr. af aukningu á þessum lið skýrast af því að sú aukning sem hefur orðið í einstaklingsstuðningi er tilkomin vegna fækkunar *stuðningsfjölskyldna*, og því lækkar sá liður (deild 02590) á móti þessari hækkun. Ekki er áætlað fyrir nýjum notendum í þjónustu á árinu 2022 umfram þá sem fá þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

02180 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Gert er ráð fyrir hækkun á þessari deild milli ára upp á 26 m.kr. Skýrist sú hækkun af tvennu. Í fyrsta lagi hefur hærra hlutfall leigjenda sótt rétt sinn til stuðningsins á árinu 2021 en fyrri ár. Í öðru lagi samþykkti bæjarráð í upphafi árs 2021 að heimila leigjendum í félagslegu húsnæði að njóta þessa stuðnings, sem tók gildi 1. október 2021, og því mun fleiri sem munu eiga rétt á húsnæðisstuðningi á árinu 2022 en áður.

Á þessa deild er einnig bókaður kostnaður vegna tímabundinna gistiúrræða fyrir heimilislaust fólk.

02340 Barnaverndarmál

Málaflokkur barnaverndar hefur farið verulega vaxandi í sveitarfélaginu undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að fjöldi tilkynninga milli árána 2020 og 2021 aukist um 25%. Ekkert bendir til annars en að fjöldi tilkynninga muni fara áfram vaxandi á árinu 2022. Bakvaktir í barnaverndinni eru einnig bókaðar á þessa deild og hefur samhliða fjölgun mála verið mikið um fjölgun útkalla. Að auki hefur verið mikill þungi í þeim málum sem unnin eru í barnaverndinni, svo sem í formi vistunargjalda. Leiðir þetta allt til þess að áætlun hækkar úr 42 m.kr. á árinu 2021 í 51 m.kr. fyrir árið 2022.

Að undanskildum bakvöktum eru laun starfsmanna sem sinna barnaverndarstarfi ekki bókuð á þessa deild, heldur á deild 02020 *Skrifstofa félagsþjónustu*.

02410 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja

Framlög þessi eru niðurgreiðslur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja vegna almenningssamgangna hjá Strætó bs. Notkun hefur farið minnkandi vegna áhrifa heimsfaraldursins og er gert ráð fyrir að þau áhrif haldist á fyrri hluta næsta árs en rétti síðan úr sér á seinni hluta ársins. Áætlun ársins lækkar lítillega þar sem gert hafði verið ráð fyrir því að á árinu 2021 yrði notkunin komin á svipaðan stað og fyrir faraldurinn.

02430 Hjúkrunarheimili

Áætlun ársins 2022 tekur mið af því að tekjur frá Sjúkratryggingum Íslands vegna daggjalda muni standa undir gjöldum við rekstur rýmanna og deildin standi því á jöfnu.

02450 Þjónustumiðstöð aldraðra

Útgjöld á þessari deild taka mið af þeirri stuðningsþjónustu (áður félagslegri heimaþjónustu) sem samþykkt hefur verið af fjölskyldusviði en Eir hjúkrunarheimili sér um framkvæmd þjónustunnar. Inni í áætlun ársins er gert ráð fyrir leigu á einum rekstrarleigubíl, sem lið í að stuðla að betri nýtingu starfsmanna og minnka ferðatíma milli heimila, að upphæð 900 þ.kr. Þjónustuliður stuðningsþjónustunnar hækkar milli ára um 21 m.kr. sem er í takt við fjölgun notenda þjónustunnar og fjölda innlita sem hefur verið bætt við þjónustuna. Einnig hefur komið fram aukinn þungi í þjónustu við notendur, en mikil áhersla hefur verið á að stuðla að útskrift einstaklinga af Landspítala sem kallar á umfangsmikla stuðningsþjónustu.

Daggjöld Sjúkratrygginga Íslands vegna dagvistunar á Eirhömrum eru færð til tekna (18 m.kr.) sem og gjalda og standa því á jöfnu.

02480 Félagsstarf aldraðra

Eftir minni aðsókn að félagsstarfinu á árinu 2020 og á fyrri hluta árs 2021 er gert ráð fyrir að starfsemin verði komin í því sem næst eðlilegan búning á árinu 2022, enda hefur aðsókn aukist á seinni hluta ársins 2021.

Kostnaður við félagsstarf aldraðra er áfram tilkominn vegna launa starfsmanna félagsstarfsins sem og reksturs við starfið í heild. Áætlun milli árána hækkar um tæpar 4 m.kr. og er sú hækking að mestu leyti tilkomin vegna breytinga á áætlun húsaleigu (3 m.kr.). Að auki skýrist hækking af námskeiðinu *Heilsa og hugur* sem bæjarráð samþykkti á árinu 2021 að setja af stað í sveitarfélaginu og var vel sótt á haustmánuðum 2021.

02500 Málefni fatlaðs fólks – sameiginlegur kostnaður

Töluverðar breytingar voru gerðar á þessari deild milli árána 2020 og 2021 þar sem kostnaðarliðir voru færðir undir aðrar deildir á fjárhagsáætlun sem betur þóttu endurspegla þá þjónustu sem var áætluð hér.

Áfram hafa verið gerðar breytingar milli árána 2021 og 2022. Kostnaður við sumarfrístund fatlaðra barna í Klettaskóla var færður yfir á deild 02580 *Dagþjónusta* og lækkar því þessa áætlun sem því nemur. Millifært hafði verið síðastliðin ár um 6 m.kr. yfir á fræðslu- og frístundasvið vegna sumarfrístundar, en með tilkomu frístundaklúbbsins Úlfsins hefur sú millifærsla verið felld niður. Starfsmaður í stuðningi við fatlaðan framhaldsskólanema hafði verið greiddur af þessum lið en sá launakostnaður færir nú á deild 02595 *Frístundaklúbburinn Úlfurinn*. Að síðustu ber að nefna að framlög til Skálatúns hækka milli árána um 30 m.kr. í takt við uppfærða áætlun Jöfnunarsjóðs um framlög fyrir árið 2022. Í heild lækkar því þessi áætlun um 13 m.kr. milli árána.

02510 Akstursþjónusta

Akstursþjónusta fatlaðs fólks, sem er lögbundin, og akstursþjónusta eldri borgara bókast á þennan lið og sér Strætó (Pant) um framkvæmd þjónustunnar. Áætlun ársins 2022 tekur mið af því að sú fækkun sem hafði orðið í ferðum hefur nú gengið til baka. Áætlun hækkar því um 6 m.kr. milli ára.

Á þessum lið var einnig áður bókaður einstaklingsstuðningur sem færir nú á nýja deild 02150 og lækkar áætlun sem því nemur.

02520 NPA-þjónusta

Áætlun ársins 2022 tekur til níu samninga, en í lok ársins 2021 óskaði einn NPA-notandi eftir því að breyta þjónustuformi sínu úr NPA-samningi yfir í að fá þjónustu frá búsetukjarna. Áætlun hækkar milli ára um 19 m.kr., þrátt fyrir fækkun á samningum, en sú hækking er eingöngu tilkomin vegna hækkana á tímargjaldi samninganna.

Á móti útgjöldum til NPA er í tekjuáætlun gert ráð fyrir 25% framlagi Jöfnunarsjóðs af heildarsamningsupphæðum.

02564 Hulduhlíð, búsetukjarni

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á Hulduhlíð eða hafa átt sér stað hjá íbúum Hulduhlíðar, en áætlun hækkar um 9 m.kr. milli ára, eða 9%, sem er hækking tilkomin að mestu leyti vegna innleiðingar verkefnisins *Betri vinnutími* í vaktavinnu, sem og vegna kjarasamningshækkana.

02565 Klapparhlíð, búsetukjarni

Einhverjar breytingar hafa átt sér stað hjá íbúum Klapparhlíðar, sem hefur minniháttar áhrif á fjárhagsáætlun. *Betri vinnutími* í vaktavinnu hefur mest áhrif á áætlunina, sem og kjarasamningshækkunir. Hækkunin er 10,8 m.kr. eða 13% milli ára.

02566 Þverholt, búsetukjarni

Engar breytingar eru á íbúasamsetningu Þverholts milli ára. Áætlun hækkar lítillega, eða um 2,7 m.kr. (1,7%). Ástæða þess að áhrif *Betri vinnutíma* og kjarasamningshækkana koma ekki meira fram í Þverholti er ákveðin ofáætlun fyrir árið 2021 sem er leiðrétt í áætlun ársins 2022.

02567 Heimili fyrir börn

Mikil breyting á þjónustu varð á heimili fyrir börn á árinu 2021, en þrjú börn hafa bæst við þjónustu heimilisins til viðbótar við börnin tvö sem hafa verið í þjónustu frá opnun þess. Eitt barnið hafði verið í þjónustu skammtímavistunar og áætlað undir deild 02570, annað barn bættist við í þjónustu á árinu 2021 og hið þriðja hafði verið með þjónustu áætlaða á deild *Einstaklingsstuðnings* (02150). Að auki leiða áhrif *Betri vinnutíma* til um 14,5% hækkunar á áætlun. Þetta allt veldur því að áætlun milli ára 2021 og 2022 hækkar um 28 m.kr. eða 35,8%.

02569 Áfangaheimilið Krókur

Breyting hefur orðið á samsetningu þeirra notenda sem Krókur þjónustar, sem hefur leitt til hærri launakostnaðar. Áhrif þeirrar hækkunar eru þó ekki mikil þar sem tekjur koma á móti þeirri hækkingun í formi styrks frá félagsmálaráðuneytinu. Þrátt fyrir áætlaða hækkingun vegna *Betri vinnutíma* um 17,2% hækkar áætlun Króks eingöngu um 4,7% milli ára 2021 og 2022.

02570 Skammtímadvöl

Sem fyrr rekur Mosfellsbær ekki skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni og þarf því að kaupa þá þjónustu frá öðrum sveitarfélögum eða einkaaðilum. Þessi kostnaðarliður hækkar um 44 m.kr. milli ára 2021 og 2022 vegna aukins þunga í þjónustu. Einnig hafa orðið hækkunir í kostnaði Móaflatar og Hnotubergs, sem eru þeir skammtímadvalarstaðir sem Mosfellsbær hefur aðgang að.

02580 Dagþjónusta

Dagþjónusta fyrir fatlað fólk er að öllu leyti keypt af aðilum utan Mosfellsbæjar, þar sem Mosfellsbær rekur ekkert dagþjónustuúrræði. Þjónustan er keypt af Ási styrktarfélagi, Reykjavíkurborg, Arnarskóla, Ásgarði handverkstæði, Hafnarfjarðarbæ og öðrum minni aðilum.

Sumarfrístund fatlaðra barna í Klettaskóla var áður bókuð á deild 02500 *Sameiginlegur kostnaður*, en hækkar nú áætlun dagþjónustu um 15 m.kr. Þrír nýir notendur munu koma í þjónustu á árinu 2022 en á móti koma auknar endurgreiðslur frá öðrum sveitarfélögum og Skálatúni vegna þjónustu sem Mosfellsbær sér um umsýslu á. Einnig var hér bókaður kostnaður áður vegna frístundaúrræða fatlaðra framhaldsskólanema sem er nú færður á 02595 *Frístundaklúbburinn Úlfurinn*. Í heild hækkar liður dagþjónustu milli ára um tæp 11% eða 15 m.kr.

02590 Stuðningsfjölskyldur

Áætlað er að töluvert færri njóti þjónustu stuðningsfjölskyldna á árinu 2022 en undanfarin ár og lækkar áætlun því milli ára. Er það að mestu leyti tilkomið vegna breytinga á þjónustuforminu yfir í deild 02150 *Stuðningsþjónusta – einstaklingsstuðningur*. Nýr hópur kemur inn í þjónustu stuðningsfjölskyldna sem eru börn sem eiga rétt á þjónustunni vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið samþykkti reglur um þá þjónustu á árinu 2021.

02595 Frístundaklúbburinn Úlfurinn

Úlfurinn er ný deild á fjölskyldusviði, en um er að ræða úrræði eftir skóla fyrir fötluð börn á aldrinum 10–20 ára sem ekki geta verið ein heima að skóla loknum. Úlfurinn fór af stað haustið 2021 og er því í fyrsta sinn verið að áætla heilt ár fyrir þessa deild. Tvenns konar hópur nýtur þjónustu Úlfsins. Annars vegar eru það grunnskólabörn í 5.–10. bekk en fræðslu- og frístundasvið kom til móts við þau börn síðasta vetur með því að samþætta þá þjónustu inn í almenn frístundaúrræði fyrir 1.–4. bekk. Hins vegar eru það fötluð ungmenni í framhaldsskóla, en hingað til hefur fjölskyldusvið keypt þjónustu fyrir þau af öðrum sveitarfélögum og hafa þau því þurft að ferðast milli sveitarfélaga til að sækja slíka þjónustu. Þjónustan í Úlfinum er því samþætt fyrir þessa tvo hópa og aðlöguð að hverjum og einum einstaklingi.

Opnunartími Úlfsins er alla daga kl. 13–17 en allan daginn þegar skólar eru lokaðir, þ.e. í jóla-, páska-, vetrar- og sumarfríum.

Einn einstaklingur sem er búsettur í öðru sveitarfélagi sækir Úlfinn og gerir áætlun ráð fyrir að 10 börn og ungmenni myndu nýta sér Úlfinn veturinn 2021–2022.

02710 Ýmis lögbundin framlög

Áætlun er, nú sem fyrr, í samræmi við ákvæði laga nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

02810 Ýmsir styrkir

Árlegur styrkur til félagasamtaka vegna félagsmála er óbreyttur frá fyrra ári, 800.000 kr. Einnig er áframhaldandi styrkur við FAMOS sem og til Fjölsmiðjunnar, vinnuseturs fyrir ungt fólk.

Áætlun lækkar milli ára þar sem árið 2021 var samþykktur styrkur til verkefnisins *Karlar í skúrum*, en það er ekki inni í áætlun ársins 2022 heldur var gert ráð fyrir að verkefnið yrði orðið sjálfbært á næsta ári.

61020 Félagslegar leiguíbúðir

Í fjárfestingaáætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 55 m.kr., þar sem ein eign verður seld og tvær keyptar. Lögð er áhersla á að selja eldri og óhagstæðari íbúðir, svo sem þær sem eru sérbýli eða með mikla viðhaldsþörf. Nýjar eða nýlegri eignir af hagstæðri stærð eru keyptar á móti. Með því að selja eina eign á hverju ári og kaupa tvær fjölgar félagslegum leiguíbúðum í eigu bæjarins jafnt og þétt. Að auki er gert ráð fyrir að bæta á hverju ári við íbúðum sem leigðar eru af einkaaðilum og framleigðar sem félagslegar íbúðir.

Húsaleiga í félagslegum íbúðum hækkaði frá 1. október 2021, samhliða því að heimila sérstakan húsnæðisstuðning til leigjenda í félagslegum íbúðum. Tekjur af húsaleigu hækka því um 20 m.kr. sem kemur á móti hærri kostnaði.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ – 04/06

04 – Fræðsluskrifstofa

Stofnanir og verkefni á fræðsluskrifstofu færast á 24 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2022. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk en mikið samstarf er á milli stofnana á sviðinu sem og við aðrar starfseiningar Mosfellsbæjar. Innan skrifstofunnar er rekstur allra leik- og grunnskóla bæjarins, Listaskóla Mosfellsbæjar, frístundaselja og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Auk þess færast á sérstakar bókhaldsdeildir rekstur fræðsluskrifstofu, niðurgreiðslur til dagvistunar barna, ýmsir styrkir, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir *Umferðarskólann unga vegfarendur* ásamt innri húsaleigu vegna Borgarholtsskóla og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

04010 Fræðslunefnd

Nefndarfundir eru áætlaðir 12 á árinu, sem er sambærilegt við síðastliðin ár.

04020 Fræðsluskrifstofa

Fræðsluskrifstofa stýrir miðlægrri þjónustu og samstarfi við stofnanir um þætti eins og stoðþjónustu. Hér er færður kostnaður vegna námsgagnaokaupa í grunnskólum, verkefnið *gjaldfrjáls grunnskóli*. Kostnaður vegna skólaþjónustu er millifærður yfir á stofnanir í samræmi við nemendafjölda í hverri stofnun. Þar er meðal annars sálfræðiþjónusta, þjónusta talmeinafræðinga, greiningar og kennsluráðgjöf. Þjónusta fræðsluskrifstofu hefur aukist í takt við fjölgun barna í bænum. Fjármagn til stefnumörkunar í upplýsinga- og tæknimálum í leik- og grunnskólum er fært á þennan lið auk ýmissa styrkja.

04101; 04102; 04103; 04104; 04105; 04160; 04180; 04201; 04203 Leikskólar Mosfellsbæjar

Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir innan Krikaskóla, Lágafellsskóla og Helgafellsskóla, þjóni börnum frá 18 mánaða til 5 ára aldurs eða þar til grunnskóli tekur við. Á Huldubergi, í Hlíð og í Leirvogstungu er ungbarnþjónusta fyrir börn á aldrinum 12–24 mánaða.

Aukinn kostnaður vegna reksturs leikskóla felst meðal annars í fjölgun starfsmanna, því að mönnun eykst eftir því sem fleiri ung börn koma í dagvistun, sem og fjölgun á leikskólaplássum. Aukning er í stoðþjónustu innan leikskólanna. Samhliða skerðast tekjur vegna fækkunar barna á deildum vegna aldurs, auk þess sem gert er ráð fyrir 5% lækkun leikskólagjalda.

Í júlí verður boðið upp á sumarskóla leikskólanna líkt og fyrri ár og með því fyrirkomulagi boðið upp á samfellda þjónustu innan leikskólanna allt árið. Börnum í leikskólum fækkar verulega í júlímánuði vegna sumarfría og því kjörið að veita þjónustu á einum stað í bænum. Þannig næst betri nýting á fjármagni og faglegu skipulagi leikskólastarfs.

04190/02190 Niðurgreidd leikskólagjöld

Hér er færð félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda, 02190, sem er tekjutengd. Tekjuviðmið hækka í samræmi við launavísitölu einu sinni á ári. Það er sama aðferðafræði og er við lýði í nágrannasveitarfélögum sem hafa tekjutengt afslætti. Gert er ráð fyrir aukningu á niðurgreiðslu leikskólagjalda hjá einkareknum leikskólum undir þessum lið. Einnig er hér færður kostnaður vegna systkinaafsláttar í frístundaseljum grunnskólanna sem og greiðslur vegna leikskólabarna sem njóta leikskólaþjónustu í öðrum sveitarfélögum. Niðurgreiðslur til dagforeldra hækka, því að ákvæði þjónustusamnings taka mið af launatöflum í kjarasamningum. Niðurgreiðslur til leikskóla vegna leikskólaplássa utan Mosfellsbæjar hækka en um er að ræða leikskólapláss á einkareknum leikskólum/ungbarnaleikskólum. Greiðsluhluti foreldra lækkar við lækkun leikskólagjalda um 5%, eins og lagt er til í fjárhagsáætlun. Einnig er áætlað að gjöld foreldra muni breytast vegna vistunar barna og færist frá 13 mánaða aldri í 12 mánaða aldur. Foreldrar greiða sama gjald óháð því hvort um er að ræða leikskólapláss eða vistun hjá dagforeldri.

04201; 04203; 04205; 04206; 04208 Grunnskólar

Grunnskólanemendum fjölgar á milli ára og er fjölgunin einkum í Helgafellsskóla en aðrir skólar verða með álíka nemendafjölda og á síðasta ári.

Nemendum með sértækar þarfir fer fjölgandi í grunnskólum og því verður sérstök áhersla lögð á eflingu ráðgjafarþjónustu frá stoðþjónustu til foreldra og starfsmanna. Lagt er til að verja áfram fjármagni í stoðþjónustuúrræði innan grunnskólanna sem og til skólaþjónustu Mosfellsbæjar. Áfram verður haldið með uppbyggingu og þróun í upplýsinga- og tæknimálum. Lagt er til að fjármagni verði veitt í kaup/endurnýjun á tölum/spjaldtölum fyrir nemendur í grunnskólum og kennsluráðgjöf. Á fjárhagsárinu mun hvert barn hafa aðgang að einu tæki í grunnskólanum.

Stefnt er að því að auka sveigjanleika í skólastarfi þar sem horft er til samþættingar skóla- og frístundastarfs. Helgafellsskóli og Krikaskóli eru samþættir grunnskólar þar sem gert er ráð fyrir leik- og grkvíslaunskóla og frístunda- og tónlistarstarfi í heildstæðum skóladegi. Sumarfrístund verður áfram í Lágafellsskóla og Varmárskóla.

Fjölgun nemenda, aukin stoðþjónusta og ákvæði kjarasamninga leiða til aukins kostnaðar við rekstur skólanna.

04270 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda

Inn á þennan lið eru færð útgjöld vegna skólavistar grunnskólanemenda í öðrum skólum, utan sveitarfélagsins. Aukinn kostnaður er vegna barna sem eru í grunnskóla utan sveitarfélagsins og þjónustu sem sótt er til Reykjavíkur vegna barna með fötlun eða aðrar sértækar þarfir. Um er að ræða greiðslur vegna skólavistunar í Klettaskóla, Arnarskóla og Brúarskóla. Einnig vegna nemenda sem eru í öðrum skólum utan Mosfellsbæjar eins og sjálfstætt starfandi skólum.

04281; 04283; 04284; 04285 Frístundasel

Nemendafjöldi í frístundaseljum hefur vaxið síðastliðið ár og eykst í takt við fjölgun barna í bænum. Sérstakur stuðningur er við börn með fötlun innan frístundaseljanna (6–9 ára). Frístund fyrir börn með fötlun frá 5.–10. bekk hefur nú færst yfir til frístundaklúbbsins Úlfsins (fjölskyldusvið) en sú frístund hóf starfsemi sína haustið 2021. Hér er um að ræða þjónustu við börn sem þurfa á heilsdagsþjónustu að halda en eru orðin of gömul til að nýta sér þjónustu frístundaselja.

04290 Flutningur nemenda

